

SKOÐUN

„Sighvatur stillir einni kynslóð upp gegn annarri, sem má segja að sé viss nýjung í jafnaðarstefnunni,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **13**



MENNING

Á klassískum tónleikum þykir ekki til síðs að klappa á milli kafla í einstöku verki. Aðeins þegar verkið er allt búið. Hvaðan kemur þessi regla? spyr Jónas Sen gagnrýnandi. **20**



SPORT

Guðmundur Guðmundsson er að ná mögnuðum árangri með Rhein-Neckar Löwen sem hefur unnið alla leiki sína í vetur. **24**



Megas tryllti lýðinn í Bókabúð Máls og menningar þar sem útgáfu bókar með textum hans var fagnað um helgina. **22**

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

19. nóvember 2012
272. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Loftárásir í Gasaborg

Benjamín Netanyahu forsætisráðherra Ísraels segir Ísraelsher reiðubúinn til að herða árássinnar á Gasa. Um sextíu manns hafa fallið í árásum til þessa. **8**

Konur í oddvitasæti Konur tryggðu sér forystu á tveimur framboðslistum Samfylkingarinnar. **4**

Skilningsríkir kröfuhafar Bankastjóri Landsbankans segir erlenda kröfuhafa sýna greiðslufæðisvanda Íslands skilning. **6**

Aukakostnaður foreldra Hversu mikið dýrara er að hafa börn í dagvistun miðað við leikskóla í Reykjavík? **10**



Bolungarvík	-1°	NA	9
Akureyri	-1°	N	2
Egilsstaðir	-1°	N	4
Kirkjubæjarklaustur	0°	NA	4
Reykjavík	-3°	A	8

Bjart 5- og V-til en él N- og NA-til. NA-5-13 m/s hvassast V-til í dag en vaxandi NA-átt við SA-ströndina síðdegis. Hiti víða um frostmark við ströndina en frost allt að 8 stigum inn til landsins. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Fasteignir



MYNDIN OG FYRIRMYNDIN Brynja Borgþórsdóttir er ein af fyrirsetum ljósmyndarans Önnu Maríu Sigurjónsdóttir sem sýnir nú risastórar portrettmyndir af eldra fólki í hurðabilum á gömlu verbúðunum vestur á Granda. Brynja fór í gær ásamt Gunnari syni sínum vestur í bæ til að líta á afraksturinn og þar hitti ljósmyndari Fréttablaðsins á þau.

Yngri í árinu standa verr að vígi í skóla

Einkunnir reynast lægstar meðal yngstu barna í bekk á fyrstu árum grunnskólans og hækka því fyrr sem barn fæðist á árinu, sýnir ný rannsókn. Yngsti þriðjungur bekkjar er 50% líklegri til að fá ávísad örvandi lyfjum við ADHD en sá elsti.

SAMFÉLAGSMÁL Börn sem eru fædd fyrri hluta árs hafa oft mikið forskot á yngri bekkjarsystkini sín. Meðaleinkunnir barna á prófum hækka eftir því sem börnin fæddust fyrr á árinu. Þá sýnir rannsóknin að yngstu börnin í hverjum bekk eru helmingi líklegri til að fá ávísad örvandi lyfjum við ofvirkni og athyglisbresti (ADHD) en þau sem fæddust fyrstu mánuði ársins.

Þetta sýnir rannsókn sem gerð var meðal allra barna á Íslandi sem fæddust 1994 til 1996 og tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk. Að baki liggja ópersónugreinanleg gögn um lyfjaávisanir og námsárangur hópsins.

Helga Zoëga, lektor í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og nýdoktor í faraldsfræðirannsóknnum á Mount Sinai-sjúkrahúsinu í New York, stendur að baki rannsókninni ásamt fleirum. Um tilurð

Börn fædd á fyrsta þriðjungi ársins standa sig betur á samræmdum prófum.	Það skiptir máli hvenær á árinu yngstu nemendur grunnskólans eru fæddir.	Börn fædd á síðasta þriðjungi fá fremur ávísad lyfjum við ADHD.
--------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------

Jan. Feb. Mars Apríl Maí Júní Júlí Ágúst Sept. Okt. Nóv. Des.

rannsóknarinnar segir Helga: „Á síðustu misserum hafa komið fram vísbendingar frá Bandaríkjunum og Kanada um langtímaáhrif þess að barn sé á meðal þeirra yngstu í jafningjahóp sínum. Okkur þótti áhugavert að nota íslensku gögnin til að bera saman námsárangur og lyfjameðferð við ADHD á milli yngstu og elstu barna í skólabekk.“

Að mati Helgu eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar þær að námsárangur barna á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði virðist haldast í hendur við hvenær á árinu börnin eru fædd. Jafnframt

að þau yngstu í bekknum eru rúmlega 50% líklegri en þau elstu til að hefja lyfjameðferð við ADHD. „Þetta á við bæði um stelpur og stráka. Sambandið sem við fundum virðist haldast fram undir unglingsárin. Þó ber að taka fram að niðurstöður okkar byggja á meðaltölum. Þess vegna eru auðvitað dæmi um að yngri börnin skari fram úr í námi og öfugt,“ segir Helga.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í nýjasta hefti vísindatímarsins Pediatrics, fagtímariti bandarísku barnalæknasamtakanna, sem kom út í dag. - shá / sjá síðu 6

„Stór og mikil bíómynd“: Afinn á leiðinni á hvíta tjaldið

FÓLK Kvikmynd byggð á einleiknum Afanum er í bígerð. Sigurður Sigurjónsson, sem lék Afann í tæplega hundrað leiksýningum, mun fara með aðalhlutverkið.

„Þetta er ekki einleikur heldur er verið að blása í stóra og mikla bíómynd sem, þó að ég segi frá, kemur fólki við,“ segir Sigurður.

Bjarni Haukur Þórsson, höfundur leikritsins, skrifaði kvikmyndahandritið í samstarfi við Ólaf Egilsson.

- fb

Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösom

Asphalia for natural sleep

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

ÞÚ LEGGUR HANA EKKI FRÁ ÞÉR!

EFTIR HÖFUND DÁVALDSINS

NÝ KILJA

KEPLER

www.forlagid.is

TENGI

MORA JUNIOR HANDLAUGARTÆKI

Tilboðsverð 7.900.- kr

mora Takmarkað magn

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Alda, er þetta ekki bara alger hringavitleysa?

„Nei, þetta er alveg rúllandi gleði!“

Alda Brynja Birgisdóttir kennir húllahopp í Kramhúsinu. Hún segir að um fyrirtakslíkamsrækt sé að ræða, sem henti öllum.

Ný rannsókn sýnir fram á tengsl milli súkkulaðiáts og Nóbelsverðlauna:
Súkkulaði örvar heilastarfsemi

FÓLK Franz Messerli, sérfræðingur í hjartasjúkdómum og kennari við Columbia háskóla, ritaði grein í læknaritíð New England Journal of Medicine þar sem hann heldur því fram að súkkulaðiáti auki líkur manna á því að hreppa Nóbelsverðlaun.

Undanfari rannsóknar Messerli er sá að hann hafði lesið greinar um heilnæm áhrif kakós og vöktu þær forvitni Messerli sem ákvað að leggja í frekari rannsóknir í kjölfarið. Ein rannsókn sýndi fram á að kakó drægi úr vitglöpum gamals fólks og hefði órvandi áhrif á heilann. Messerli ákvað að kanna hlutfallið á milli súkkulaðiáts þjóða og fjölda Nóbelsverðlauna þeirra og komu niðurstöðurnar töluvert á óvart.



„Þegar þessir tveir þættir eru settir í samhengi, súkkulaðiáti og fjöldi Nóbelsverðlauna miðað við höfðatölu, eru ótrúleg tengsl þar á milli,“ sagði Messerli um rannsóknina.

Svisslendingar borðuðu bæði mest af súkkulaði og höfðu hlotið flest Nóbelsverðlaun miðað við höfðatölu. Eitt frávik mátti þó finna, og var það Svíþjóð. Messerli kann þó skýringu á því: „Nóbelsverðlaunum er úthlutað í Svíþjóð og því mögulegt að það hafi áhrif á úthlutanir. Hinn möguleikinn er sá að Svíar séu næmari en aðrir og því þurfi minna súkkulaði til að örva heilastarfsemi þeirra.“

Jöklar skreppa saman:
Minnka þótt hitinn haldist

VÍSINDI Sumir jöklar í Himalaja-fjöllunum eiga eftir að minnka um tíu prósent næstu áratuginna, jafnvel þótt engin hlýnun verði.

Þetta fullyrðir prófessorinn Summer Rupper við Brigham Young háskólann í Bandaríkjunum. Hún hefur gert rannsóknir á jöklum í Bútan og birtir niðurstöður sínar í tímaritinu Geophysical Research Letters. Til þess að snúa við þessari þróun þyrfti snjókomu í Bútan að aukast um helming, en nánast engar líkur eru á því.

Áfram hætta á snjóflóðum:
Hús voru rýmd á Sauðárkróki

VEÐUR Á Sauðárkróki þurfti að rýma þrjú hús við Kambastíg síðdegis í gær eftir að lítið snjóflóð féll á efsta húsið við götuna.

Þá féllu tvö önnur snjóflóð úr Innstadsbotni skammt frá Sauðárkróki.

Fjöldi snjóflóða féll á Vestfjörðum um helgina, en ekkert í byggð. Rýma þurfti hús á Ísafirði á laugardag og fram á sunnudag, en í gærkvöld var óvissustigi vegna snjóflóðahættu á Vestfjörðum aflétt. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands má búast við snjóflóðahættu næstu daga víða um land þótt veður skáni.

Fjöldagöngur í Frakklandi:
Andvíg mannréttindabótum

FRAKKLAND Tugir þúsunda manna mótmæltu fyrirhugaðri lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra í Frakklandi um helgina. Mótmælt var í París, Lyon, Toulouse og Marseille.

Francois Hollande, forseti Frakklands, hefur lofað því að breyta frönskum lögum og veita samkynhneigðum rétt til að giftast og ættleida börn. Þrátt fyrir mikla andstöðu, meðal annars frá kaþólsku kirkjunni, hefur franska stjórnin samþykkt að leggja fyrir þingið frumvarp sem rætt verður í þinginu í janúar. Fram að þessu hafa samkynhneigð þór í Frakklandi aðeins fengið að giftast borgaralega.

LÖGREGLUFRETTIR

Erill hjá björgunarsveitum

Björgunarsveitir á Norðurlandi aðstoðuðu fólk sem hafði fest bíla sína í miklu fannfergi í gær. Björgunarsveitin Pingey var tvívegis kölluð út til að aðstoða fólk sem hafði fest bíla sína á svæðinu.

Tollfrjálst í fríhöfn en rukkað við hliðið

Nokkrar af þeim vörum sem í boði eru í komuverslun Fríhafnarinnar í Leifstöð eru yfir verðmörkum og því tollskyldar og þarf að gefa upp við rauða hliðið. Versunarstjóri Elko í Leifstöð segir illmögulegt að reikna inn tolla við kaup í verslun.

NEYTENDUR Verð á mörgum vörum í komuverslun Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er yfir leyfilegu hámarksvirði einstaks hlutar, 32.500 krónum. Því þurfa kaupendur að gefa hlutina upp við tollafgreiðslu eftir að hafa keypt þá tollfrjálst skömmu áður, undir sama þaki.

Kaupendur ráða því hvort þeir gefa hlutinn upp við tollverði eða taka áhættuna á að lenda í úrtaki tollsins í græna hliðinu. Það getur haft í för með sér stórukað kostað og fyrirhöfn.

Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður í Leifstöð, segir í samtali við Fréttablaðið að flestir virði lögin og gefi sig fram með hlutina í rauða hliðinu. Fréttablaðið hefur þó staðfesta vitneskju um að nokkuð sé um hið gagnstæða.

„Við getum ekki fylgst nákvæmlega með því að allir sem kaupa vöru yfir þessum mörkum komi í rauða hliðið, en okkar tilfinning er að fólk vilji hafa þessa hluti í lagi.“

Aðspurður segir Kári að ekki hafi komið til tals að tollurinn og Fríhöfnin hafi með sér samstarf um að tryggja að hlutirnir séu gefnir upp í rauða hliðinu. Slíkt myndi aldrei ganga upp. Kári bætir þó við að fólk komi jafnan á óvart hversu lítið það þurfi að borga af vörunum, enda séu ekki innheimt gjöld af öllu virði hlutarins heldur aðeins því sem er umfram 32.500 krónurnar.

„Það er því ekki þess virði að taka áhættuna og þurfa svo að greiða mun meira ef maður er staðinn að verki.“

Aðspurður segir Kári að fólk sem



KOMUVERSLUN FRÍHAFNARINNAR Nokkrar af þeim vörum sem seldar eru tollfrjálst í komuverslun Fríhafnarinnar eru, sökum verðs, tollskyldar og þarf að gefa upp við starfsmenn tollgæslunnar, rétt utan við verslunina.

er staðið að því að reyna að koma tollskyldum varningi með ólöglegum hætti inn í landið fari ekki á sakaskrá, nema sektin sem um ræði sé yfir 50.000 krónum.

Ólafur Ingi Ólafsson, versunarstjóri Elko í Leifstöð, segir aðspurður um slíka samþæfingu að álagning tilheyrandi gjalda á vöru sem er yfir 32.500 í versluninni sé ekki góður kostur. Ástæðurnar eru meðal annars þær að vöruúrvalið breytist jafnt og þétt og eins skipti máli hversu mikið af tollskyldum kaupvarningi komufarþegar hafi með sér til landsins.

„Það hefur komið til tals, og við getum reiknað út einstaka hluti. Hins vegar er fólk kannski með

„Okkar tilfinning er að fólk vilji hafa þessa hluti í lagi.“

Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður

meiri varning með sér að utan sem það þarf líka að gera grein fyrir. Þannig verður sú upphæð sem það greiðir í rauða hliðinu allt önnur upphæð en við gefum því.“

Ólafur segir þó að starfsfólk Elko hafi það sem starfsreglu að benda fólki á að koma við í rauða hliðinu ef það kaupir hluti sem eru yfir 32.500 króna markinu.

thorgils@frettabladid.is



FER HÚN Í LOFTIÐ? SAS er stærsta flugfélag Norðurlanda.

SAS riðar til falls:
Helmingslíkur á gjaldþroti

NOREGUR „Það eru helmingslíkur á því að okkur takist þetta,“ er haft eftir Eivind Roald, sölu- og markaðsstjóra norræna flugfélagsins SAS, í norska dagblaðinu Aftenposten.

Ráðamenn félagsins hafa setið á neyðarfundum og átt í samningaviðræðum við stéttarfélag, en samningar við þau eru skilyrði þess að áætlun um að bjarga rekstri félagsins standist. Að öðrum kosti blasir gjaldþrot við.

Samtök flugmanna gerðu félaginu gagntilboð í gær, en óvíst var hvort það yrði samþykkt.

Minningarathöfn í Fossvogi:
Látinna í umferðinni minnst

FÓLK Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands var í gær viðstaddur athöfn þar sem þeirra var minnst er látist hafa í umferðarslysum. Athöfnin fór fram við bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi.

Aðstandendur þeirra er látist hafa í umferðarslysum voru einnig viðstaddir athöfnina. Á meðal þeirra voru Áslaug Melax sem missti stjúpdóttur sína, Elvu Yr Óskarsdóttur, í umferðarslysi á Siglufirði fyrir ári síðan og Þórir Guðmundsson, lögreglu- maður, sem missti tvíbúrasystur sína, Þóreyju Guðmundsdóttur, í umferðarslysi árið 2006.

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Heyrðu, það er góð hugmynd :)

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Tvennum sögum fer af gjöf Eirar til Vilhjálms P. og konu hans árið 2008:
Brúðargjöf endurgreidd tvisvar

STJÓRNSÝSLA Séra Sigurður Helgi Guðmundsson, fyrrum framkvæmdastjóri Eirar, hefur endurgreitt þróunarsjóði hjúkrunarheimilisins 300 þúsund krónur vegna gjörninga frá tíð sinni í embætti. Þetta segir í tilkynningu frá Sigurði.

Annars vegar segir Sigurður að um sé að ræða 200 þúsund krónur vegna gjafabréfs sem hann gaf tengdasyni sínum „sem þakk-lætisvott“ vegna vinnuframlags, og hins vegar 100 þúsund sem sjóðurinn greiddi vegna brúðkaups Vilhjálms P. Vilhjálms-sonar, þáverandi stjórnarformanns, árið 2008.

Segir Sigurður að Vilhjálmur hafi „farið fram á að fá“ umræddar 100 þúsund krónur frá Eir.

Vilhjálmur þvertur fyrir að hafa beðið um að fá gjöfina. Í til-

kynningu í gær sagði Vilhjálmur áskanir Sigurðar fráleitar. Hann hafi ákveðið „í ljósi fjölmiðlaumræðu um brúðargjöf til okkar hjóna frá Eir og með hvaða hætti [Sigurður] hefur matreitt málið í fjölmiðlum“ að endurgreiða upphæðina. Er þá ekki betur séð en að Eir hafi fengið upphæðina endurgreidda frá þeim báðum.

- þj



SIGURÐUR HELGI GUÐMUNDSSON

VILHJÁLmur P. VILHJÁLMSSON

Floottir og ódýrir hjá Nova!



Samsung Galaxy Y

19.990 kr. stgr.

1.890 kr. á mán. í 12 mán.



LG Optimus L3

19.990 kr. stgr.

1.890 kr. á mán. í 12 mán.



Sony Xperia Tipo

19.990 kr. stgr.

1.890 kr. á mán. í 12 mán.



Nokia Asha 300

19.990 kr. stgr.

1.890 kr. á mán. í 12 mán.

0 kr.
Nova
í Nova!
1.000 mín. og 500
SMS/MMS á mán.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!
NOVA

GENGIÐ
16.11.2012

	Bandaríkjadalur	128,45	129,07
	Sterlingspund	203,68	204,68
	Evra	163,49	164,41
	Dönsk króna	21,915	22,043
	Norsk króna	22,227	22,357
	Sænsk króna	18,922	19,032
	Japanskt jen	1,5821	1,5913
	SDR	195,62	196,78

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
226,7665

Barack Obama gagnrýndur fyrir að heimsækja herforingjastjórnina í Búrma:

Vill ýta undir þróun Búrma í lýðræðisátt

TAÍLAND, AP „Þetta er ekki stuðningsyfirlýsing við stjórnina,“ segir Barack Obama Bandaríkjaforseti um ferð sína til Búrma, sem sætt hefur nokkurri gagnrýni.

„Þetta er viðurkenning á því að það eru hlutir að gerast í þessu landi sem enginn sá fyrir, jafnvel ekki fyrir einu og hálfu eða tveimur árum.“

Herforingjastjórnin í Búrma hefur veitt fjölda pólitískra fanga frelsi, dregið mjög úr ritskoðun og efnt til kosninga þar sem Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, komst á þing eftir að hafa setið árum saman í stofufangelsi.

Enn sitja þó fjölmargir pólitískir fangar í fangelsum landsins og mannréttindasamtök segja herforingjastjórnina eiga enn langt í land, ætli hún sér að koma á fót fullu lýðræði í landinu.

Obama kom til Taílands í gær, þar sem hann ræddi við Yingluck Shinawatra forsætisráðherra, og heldur síðan til Búrma í dag, þar sem hann hittir leiðtoga herforingjastjórnarinnar.

Eitt af því sem gæti valdið honum vandræðum er hvort hann á að kalla landið Búrma eða Mjanmar. Herforingjastjórnin vill láta kalla landið Mjanmar, en Suu Kyi og flestir stjórnarandstæðingar hafa haldið sig við Búrma.



BARACK OBAMA OG YINGLUCK SHINAWATRA Bandaríkjaforseti skálaði við forsætisráðherra Taílands í Bangkok í gær, áður en hann hélt áfram til Búrma. NORDICPHOTOS/AFP



TAWANDROS II. Forsætisráðherra Egyptalands og fleiri ráðherrar sóttu athöfnina. NORDICPHOTOS/AFP

Tawandros II. tekur við: Páfi egypskra kopta vígður

EGYPTALAND, AP Tawandros II. var í gær vígður páfi koptísku kirkjunnar í Egyptalandi. Athöfnin tók nærri fjórar klukkustundir, en hana sóttu meðal annars forsætisráðherra Egyptalands og nokkrir aðrir ráðherrar í hinni íslömsku ríkisstjórn landsins.

Tawandros hefur látið í ljós áhyggjur af því að söfnuður kristinna kopta, sem eiga sér langa sögu í Egyptalandi, fái ekki að njóta jafnræðis í Egyptalandi, nú þegar íslamskir stjórnsmálmenn hafa náð ráðandi völdum í landinu.

Koptar eru um það bil tíu prósent þjóðarinnar og hafa æftar kvartað undan mismunun á seinni árum.

HALDIÐ TIL HAGA

Íslensk málnefnd og Mjólkursamsalan stóðu að málræktarþingi unglinga sem haldið var í Laugardalshöll fyrir helgi. Málnefndin og Mjólkursamsalan hafa í nær tuttugu ár hvatt til umræðu um íslenskt mál.

LEIÐRÉTT

Bókin *ð - ævisaga* fékk fjórar stjörnur hjá ritdómara Fréttablaðsins í vikunni sem leið, ekki þrjár eins og kom fram í yfirliti yfir ritdóma vikunnar í blaðinu á laugardag. Beðist er velvirðingar á þessu.

FLOKKSVAL Í REYKJAVÍK

2.514 greiddu atkvæði
38% kjörsókn
8 þingmenn 2009

1 	2 	3 	4 	5 	6 	7 	8
Össur Skarphéðinsson 972 atkvæði í 1. sæti	Sigríður Ingibj. Ingadóttir 1.322 atkvæði í 1.-2. sæti	Helgi Hjörvar 1.205 atkvæði í 1.-3. sæti	Valgerður Bjarnadóttir 1.255 atkvæði í 1.-4. sæti	Skúli Helgason 1.246 atkvæði í 1.-5. sæti	Björk Vilhelmsdóttir 1.350 atkvæði í 1.-6. sæti	Mörður Árnason 1.477 atkvæði í 1.-7. sæti	Anna Margrét Guðjónsdóttir 1.381 atkvæði í 1.-8. sæti

PRÓFKJÖR 2009	1 Jóhanna Sigurðardóttir 2 Össur Skarphéðinsson 3 Helgi Hjörvar 4 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir 5 Skúli Helgason 6 Valgerður Bjarnadóttir 7 Steinunn Valdíis Óskarsdóttir 8 Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
PRÓFKJÖR 2006	1 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 2 Össur Skarphéðinsson 3 Jóhanna Sigurðardóttir 4 Ágúst Ólafur Ágústsson 5 Helgi Hjörvar 6 Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir 7 Mörður Árnason 8 Steinunn Valdíis Óskarsdóttir
PRÓFKJÖR 2002	1 Össur Skarphéðinsson 2 Jóhanna Sigurðardóttir 3 Bryndís Hlökkversdóttir 4 Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir 5 Guðrún Ögmundsdóttir 6 Mörður Árnason 7 Helgi Hjörvar 8 Ágúst Ólafur Ágústsson 9 Einar Karl Haraldsson 10 Jakob Frímann Magnússon

FLOKKSVAL Í SUÐURKJÖRDÆMI

1.551 greiddu atkvæði
43,7% kjörsókn
3 þingm. 2009

1 	2
Oddný G. Harðardóttir 1.010 atkvæði í 1. sæti	Björgvin G. Sigurðsson 669 atkvæði í 1.-2. sæti

3 	4
Arna Ír Gunnarsdóttir 456 atkvæði í 1.-3. sæti	Árni Rúnar Þorvaldsson 622 atkvæði í 1.-4. sæti

Tvær konur í oddvitasættum

Konur tryggðu sér forystu á tveimur framboðslistum Samfylkingarinnar. Oddný Harðardóttir sigraði í Suðurlkjördæmi og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir varð í öðru sæti í Reykjavík og leiðir því annan listann þar.

STJÓRNMÁL Tvær konur tryggðu sér um helgina oddvitasæti á framboðslistum Samfylkingarinnar fyrir komandi þingkosningar.

Oddný Harðardóttir, fyrrum fjármálaráðherra og núverandi þingflokksformaður Samfylkingarinnar varð hlutskörpust í flokksvali í Suðurlkjördæmi um helgina og mun því leiða lista flokksins í komandi þingkosningum. Alþingismaðurinn Björgvin G. Sigurðsson, sem hefur leitt lista flokksins í kjördæminu í síðustu tveimur kosningum, varð í öðru sæti, en hann sóttist einnig

eftir fyrsta sætinu. Oddný fékk 1010 atkvæði í fyrsta sætið, en Björgvin fékk 450.

Í flokksvali í Reykjavík hlaut Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fyrsta sætið og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir varð í öðru. Einungis munaði 68 atkvæðum á þeim tveimur í fyrsta sætið. Sigríður mun því leiða annan lista Samfylkingar í Reykjavík.

Í báðum flokksvölunum féllu úrslit þannig að ekki þarf að beita sérstökum ákvæðum til að tryggja jafnt hlutfall kynjanna á væntanlegum framboðslistum.

Umræða spannst fyrir helgi um kynjahlutföll á listum Samfylkingar og voru uppi áhyggjur af því að svo gæti farið að karlar kæmu til með að leiða listana í öllum kjördæmum en svo fer ekki.


Áður hafði Árni Páll Árnason tryggt sér fyrsta sæti listans í Suðurlkjördæmi og Kristján Möller í Norðausturlkjördæmi. Um næstu helgi kemur í ljós hvort Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra muni leiða listann í Norðvesturlkjördæmi á ný, eða hvort Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður muni hreppa hnossið.

→ Ekki að hugsa um formannsslaginn

Sigríður Ingibjörg hefur verið orðuð við formannsframboð, en segist aðspurð ekki vera upptekin af þess konar vangaveltum.

„Ég hef haldið þessari spurningu opinni. Þegar prófkjörum lykurlýkur fer fólk að velja því fyrir sér hverjir skuli skipa forystuna og þá hlýtur að vera litið til þeirra sem hafa verið kosnir í forystusæti. Við sjáum hvert leiðir í framhaldinu, en ég er ekki sérstaklega að hugsa um það núna.“

Veðurspá



Alicante 20°	Billund 7°	Gautaborg 6°	London 11°	Orlando 23°	San Francisco 17°
Basel 12°	Frankfurt 10°	Kaupmannahöfn 6°	Mallorca 18°	Ósló 5°	Stokkhólmur 5°
Berlín 7°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 22°	New York 10°	París 12°	

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

Lykilatriði í fjármögnun atvinnutækja

LYKILL

Lykill.is

ÖRYGGI OG GOTT VERÐ!

Fleiri
kílómetrar
fyrir hverja
krónu

 **Hankook**

EF ÞÚ VILT GÆÐA-
VÖRU Á GÓÐU VERÐI!

**Winter
i*Pike**

**i*Pike
W605**



Frábær
umhverfisvæn
heilsársdekk

 **Hankook**
driving emotion

Breiðari snertiflötur



Samanborið við hefðbundin dekk er snertiflötur **Hankook Winter i*Pike** um **17% stærri**. Það stýttir bremsuvegalengd í snjó og hálfu og veitir aukid öryggi.

VAXTALAUSAR
12 MÁN
AFBORGANIR
3,5% lántökugj.

BARÐINN

- Síðan 1941 -

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir flutningaskip Eimskips sem strandaði í Noregi á föstudag?
2. Hversu hátt hlutfall hjónavígslna í fyrri voru borgaralegar?
3. Hvert er aðalstarf Nicks Andrews Torres La-Um, sem leikur í sjónvarpsþáttunum Pressu?

SVÖR

1. Pólfoss, 2. fjórðungur, 3. hann er kokkur.

Viðræður eru hafnar við kröfuhafa vegna stóra skuldabréfs Landsbankans:

Bankastjórinn segir kröfuhafa sýna skilning

EFNAHAGSMÁL Viðræður eru hafnar um að lengja í lánum Landsbankans gagnvart gamla bankanum. Bankastjóri Landsbankans segir erlenda kröfuhafa sýna greiðsluflæðisvanda Íslands skilning og vonast eftir því að hægt verði að lengja lánin verulega.

„Við viljum minnka greiðsluþyrðina með því að færa greiðslustrauminn inn í framtíðina. Það er mikilvægt að það sé gert með þeim hætti að menn telji þjóðarþúfið ráða við það,“ segir Steinþór

Pálsson, bankastjóri Landsbankans, og bætir við: „Þegar það var samið um skuldabréfið á sínum tíma voru menn kannski ekki með alveg á hreinu myndina af þessu greiðsluflæðisvandamáli sem við sjáum betur í dag.“

Sem stendur er gert ráð fyrir að Landsbankinn greiði þrotabúi gamla bankans að meðaltali 72 milljarða á ári í fjögur ár eftir 2014. Gætu slíkar útgreiðslur á gjaldeyri sett verulegan þrýsting á gengi krónunnar.

Steinþór segir erlenda kröfuhafa átta sig á því að greiðsluáætlunin þurfi að vera raunhæf. „Við erum með gjaldeyrishöft sem merkir það að ef við borgum þeim eru þeir fjármunir bara fastir hér nema Seðlabankinn samþykki annað. Þess vegna sjá þeir að það þarf að spila saman,“ segir Steinþór og bætir við að hann haldi að kröfuhafar sýni stöðunni skilning með þeim fyrirvara þó að ekki hafi verið gengið frá neinum samningi.

- mbl



„Þegar það var samið um skuldabréfið á sínum tíma voru menn kannski ekki með alveg á hreinu myndina af þessu greiðsluflæðisvandamáli.“

Steinþór Pálsson
bankastjóri Landsbankans

Vertu með í kvennaleikfimi!

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.

- Prisvar í viku, mán., mið. og fös. kl. 16:30
Hefst 4. des. Þjálfari: Inga María.
Verð kr. 14.900.

- Tvisvar í viku, þri. og fim. kl. 10:00
Hefst 3. des. Þjálfari: Árnýs Hulda.
Verð kr. 12.900

Skráðu þig núna í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is



Fæðingardagurinn getur skipt sköpum

Yngsti þriðjungur bekkjar er 50% líklegri til að fá ávísad örvandi lyfjum við ADHD en sá elsti. Einkunnir hækka eftir því sem börnin fæðast fyrr á árinu.

SAMFÉLAGSMÁL Þeir nemendur sem yngstir eru í hverjum bekk eru líklegri til þess að fá ávísad örvandi lyfjum við ofvirkni og athyglisbresti (ADHD) en þeir sem eldri eru. Námsárangur yngstu nemendanna er jafnframt líklegri til þess að vera lakari en þeirra eldri.

Að baki rannsókninni stendur Helga Zoëga, lektor í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og nýdoktor í faraldsfræðirannsóknunum á Mount Sinai sjúkrahúsinu í New York, ásamt Unni Valdimarsdóttur, prófessor í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, og Soniu Hernández-Díaz,



HELGA ZOËGA

dósent við Harvard School of Public Health.

Rannsóknin var gerð meðal allra barna á Íslandi sem fæddust á árabílinu 1994-1996 og tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk. Að baki liggja ópersónugreinanleg gögn um lyfjaávisanir og námsárangur hópsins, að sögn Helgu.

Rannsóknin leiddi í ljós að meðaleinkunnir í bæði stærðfræði og íslensku við níu ára aldur reyndust lægstar meðal yngstu barnanna í hverjum bekk en hækkuðu eftir því sem börnin fæddust fyrr á árinu. Þessi áhrif aldurs á námsárangur minnkuðu með tímanum en þeirra gætti þó enn við tólf ára aldur.

Helga telur niðurstöðurnar benda til að þegar kemur að því að meta hegðun og árangur barna í skóla ættu foreldrar, kennarar og heilbrigðisstarfsfólk líklega að stilla



Í SKÓLA Myndin tengist efni fréttarinnar ekki með beinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ 50% líklegri til að fá lyf en elstu börnin

11,5% Rannsóknin sýndi að á aldrinum 7-14 ára fengu 11,5% drengja sem fæddir voru á síðustu mánuðum hvers árs örvandi lyf við ADHD en samsvarandi hlutfall var 7,5% meðal þeirra drengja sem fæddust á fyrstu mánuðum ársins. Mun **7,5%** færri stúlkur en drengir fengu ávísad örvandi lyfjum við ADHD á þessu aldursbili. **4,6%** stúlkna sem fæddar voru á síðustu mánuðum hvers árs fengu slík lyf. Hins vegar fengu 2,8% stúlkna **2,8%** sem fæddust á fyrstu mánuðum ársins ávísad örvandi lyfjum.

kröfur í samræmi við þroska hvers barns. „Við upphaf skólagöngu er þroskamunur oft töluverður á milli yngstu og elstu barna í bekk. Það sem kemur kannski á óvart er að þroskamunurinn virðist hafa áhrif á námsárangur barna langt fram eftir grunnskólagöngu þeirra. Þetta má hafa í huga þegar teknar eru ákvarðanir um ADHD-greiningu og lyfjagjöf,“ segir Helga.

Helga telur mikilvægt að allar

ákvarðanir um meðferð við ADHD séu teknar á einstaklingsgrundvelli. „Fyrri rannsóknir okkar hafa sýnt fram á að börnum sem fá viðeigandi lyfjameðferð við einkennum ADHD snemma er síður hætt við að hraka í námi en börnum sem hefja meðferð seint. Þannig að það er ljóst að lyfjameðferð við ADHD er ekki af hinu slæma. Henni þarf bara að beita með skynsamlegum hætti,“ segir Helga.

svavar@frettabladid.is

ÞAKKARGJÖRÐAR
KALKÚNN
Á HÓTEL CABIN

Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 22. og 23. nóvember.

Verð í hádegis: 2.950 kr
Verð á kvöldin: 3.950 kr

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu. Borðapantanir í síma 511 6030.

Hotel Cabin

Ákveðið var að sameina prestaköll á síðasta degi Kirkjubings 2012:

Vildu ekki færa Þorláksbúð til

ÞJÓÐKIRKJAN Kirkjubing felldi tillögu séra Baldurs Kristjánssonar um tilfærslu Þorláksbúðar. Baldur vildi að húsið yrði tekið niður og geymt þar til hentugur framtíðarstaður myndist.

„Í þeim efnum verði horft til áforma um byggingu miðaldadómkirkju/safnahúss í nágrenni Skálholts en þar yrði væntanlega hið kórrétta umhverfi fyrir þetta fallega og vel byggða hús,“ segir í þingsályktunartillögu Baldurs. Í greinargerð tillögunnar kemur fram að í ljós hafi komið að Þorláksbúð hafi ekki verið afhent kirkjunni, en á meðan hún stóð á núverandi stað sé hún samt á ábyrgð hennar, bæði fjárhagslega og rekstrarlega.

Allsherjarnefnd fjallaði um málið og lagði til að tillagan yrði felld.

Fjöldi mála var afgreiddur á þessu Kirkjubingi, sem var frestað um hádegisbil á fimmtudaginn. Meðal annars var ákveðið að sameina Patreksfjarðarprestaköll og Tálknafjarðar- og Bíldudalsprestaköll, sem mun þá fá heitið Patreksfjarðarprestaköll um áramótin þegar sameiningin tekur gildi.

Þá var meðal annars kosið í nýjar nefndir Kirkju-



ÞORLÁKSBUÐ VIÐ SKÁLHOLT Kirkjubing felldi tillögu Baldurs Kristjánssonar um tilfærslu Þorláksbúðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þings, rætt um val og veitingu prestsembættu, hlunnindagreiðslur af kirkjujörðum og reynsla af sameiningum prófastsdæma metin.

- 5v



Hagkvæmur og
vistvænn innlendir
orkugjafi

Bjartey Sigurðardóttir, verkfræðingur



Sparnaður og lúxus fara
einstaklega vel saman
í Highline útfærslunni

Ingimar Sigurðsson, forstöðumaður



Núna er helmingi ódýrara
að skreppa vestur á Ólafsvík.
Það munar um minna.

Kristín Kjartansdóttir og Þorgrímur Benjamínsson



Volkswagen Passat EcoFuel, bill ársins 2012

Volkswagen Passat eigendur eru ánægðir með metanið

Eigendur Passat EcoFuel taka þátt í því að minnka losun koltvísýrings í andrúmsloftið, spara dýrmætann gjaldeyri með því að nota íslenskan orkugjafa og lækka eldsneytiskostnaðinn um nær helming. Nýverið sömdu Olís og Metanorka við Sorpu um kaup á metani fyrir nýjar áfyllingarstöðvar sem áætlað er að taka í gagnið á næsta ári. Einnig eru áform um að gangsetja orkuver til metanframleiðslu á næsta ári sem mun auka framboð á metani svo um munar.

Komdu við í HEKLU og kynntu þér kosti Passat EcoFuel.

Passat TSI EcoFuel kostar frá
3.990.000 kr.

Meðaleyðsla 6,8 l / 100 km bensín, 6,6 m³ 4,3 kg / 100 km metan m.v. blandaðan akstur.



Das Auto.

49.426 kr.

mv. Volkswagen Passat TSI Eco Fuel og óverðtryggðan bílasamning með gullvildarkjörum frá Ergo til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallstala kostnaðar 10,30%.

ergo



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is





BEGGJA VEGNA LANDAMÆRANNA í Gasaborg kostaði loftárás á íbúðarhús ellefu manns lífið. Í bænum Ashkelon, handan landamæranna í Ísrael, olli sprengjuflug frá Gasa tjóni á íbúðarhúsi.

NORDICPHOTOS/AFP

Sprengjum rignir yfir Gasa

Loftárás á íbúðarhús í Gasaborg sú mannskæðasta frá því árársinnar hófust síðastliðinn miðvikudag. Benjamín Netanjahú segir Ísraelsher reiðubúinn til að herða árársinnar verulega. Barack Obama segist styðja Ísrael en varar við því að auka hernaðarumsvif á Gasaströnd.

ÍSRAEL, AP Fjögur börn og fimm konur, þar af ein áttæð, voru meðal þeirra sem létu lífið í sprengjuárás Ísraelshers á Gasaborg í gær. Að minnsta kosti tveir karlmenn létu lífið í árársinni, sem lagði í rúst íbúðarhús Dalú-fjölskyldunnar.

Þetta er mannskæðasta árásin til þessa í lofthernaði Ísraela á Gasaströnd, sem hófst á miðvikudag með árás á æðsta yfirmann heraflla Hamas-samtakanna.

Alls höfðu árásir Ísraela þá kostað meira en sextú manns lífið. Um helmingur þeirra eru almennir borgarar. Ísraelar hafa þessa fimm daga látið sprengjum rigna yfir Gasaborg og fleiri staði á Gasaströnd.

Palestínუმenn hafa einnig skotið tugum sprengjuflauga yfir landa-

mærin til Ísraels, þar á meðal alla leið til borganna Tel Avív og Jerúsalem, en þetta er í fyrsta skipti í áratugi sem sprengjum er skotið á þessar tvær helstu borgir Ísraels. Árásir Palestínუმanna hafa kostað þrjú Ísraela lífið.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sagði Ísraelsher reiðubúinn til að herða árársinnar.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur lýst yfir stuðningi við Ísrael: „Ísraelar eiga fullan rétt til þess að þurfa ekki að búast við að flugskeytum sé skotið inn á yfirráðasvæði þeirra,“ sagði hann, en bætti við: „Ef hægt væri að ná því fram án þess að auka hernaðarumsvif á Gasa, þá væri það betra. Það væri líka betra fyrir Ísraela, því ef ísraelskir hermenn eru á Gasa þá eykst

60/20 Frá aldamótum hafa sprengjuflaugar frá Gasa kostað um 20 Ísraela lífið, en síðan á miðvikudag hafa loftárásir Ísraela kostað meira en 60 manns lífið á Gasaströnd.

mjög hættan á því að þeir falli eða særast.“

Ísraelsher hefur flutt mikinn heraflla að landamærum Gasa og og býr sig undir innrás, en hefur um helgina hert loftárásir sínar, meðal annars með árás á höfuðstöðvar Hamas-samtakanna á laugardag.

gudsteinn@frettabladid.is

Sprengjuflaugar Palestínუმanna

Ísraelar segja hernaðinn gegn Gasa vera réttmæt viðbrögð gegn sprengjuárásum sem íbúar Ísraels hafa mátt búa við árum saman frá herskáum Palestínუმönnum á Gasaströnd.

Sprengjuflaugarnar sem Palestínუმenn hafa skotið yfir landamærin til Ísraels hafa flestar verið heimasmiðaðar og heldur frumstæðar.

Þær drífa ekki langt og eru ekki með miðunarbúnað, heldur er þeim stillt upp og beint í áttina að landamærunum. Hending ræður hvort þær lenda á húsum og fólki eða auðum svæðum.

Ísraelsher skýrði frá því í gær að undanfarna daga hafi 99 sprengjuflaugar, sem skotið var upp á Gasaströnd, ekki farið yfir landamærin heldur lent innan þeirra á Gasaströnd.

Nú síðustu daga, eftir að Ísraelsher hóf árásir sínar, hafa Palestínუმenn skotið nokkrum flaugum á Jerúsalem og Tel Avív, tvær fjölmennustu borgir Ísraels. Þessar flaugar eru langdrægari og fullkomnari en þær sem Palestínუმenn hafa notað til þessa.

Ísraelar hafa komið sér upp, með aðstoð Bandaríkjana, flugskeytavarnarkerfi sem Ísraelsher segir að hafi sprengt á lofti rúmlega 300 af þeim 544 flugskeytum sem skotið hefur verið frá Gasa undanfarna daga.

Fyrirtæki

Vertu með símkerfið í öruggum höndum hjá Símanum

Fast mánaðargjald fyrir aðgang að IP símkerfi

Símavist hentar flestum gerðum fyrirtækja, óháð stærð og starfsemi.

Með Símavist býðst fyrirtækjum að leigja IP símkerfi gegn föstu mánaðargjaldi sem ræðst af fjölda starfsmanna sem nota kerfið. Símkerfið er hýst í vélasölum Símans og fyrirtæki þurfa ekki að fjárfesta í vélbúnaði eða stýrikerfum.

Hafðu samband við Fyrirtækjaráðgjöf í síma 800 4000 og sérfræðingar okkar finna hagkvæmstu lausnina fyrir þitt fyrirtæki.

Þú færð samband við sérfræðinga í síma 440 4000

Grétar er margfaldur Íslandsmeistari í dansi. Með þekkingu sinni á fjármálaþjónustu kann hann líka spora fullkomlega í þjónustuverinu.

Það svara sérfræðingar í þjónustuverinu

Í þjónustuveri Íslandsbanka starfar fólk sem býr að langri reynslu af þjónustu við viðskiptavinum, veitir alla almenna fjármálaþjónustu og getur auðveldlega leiðbeint þér að réttu lausninni.

Við vinnum við að svara spurningum og leggjum metnað okkar í að leysa fljótt og vel úr hverju því erindi sem þú átt við okkur. Ef óskað er eftir fjárhagslegri færslu þarf að tilgreina öryggisnúmer en það má auðveldlega nálgast í útibúum Íslandsbanka.

Þjónustuverið er opið alla virka daga frá 8.30 - 17. Þar getur þú meðal annars:

- Fengið upplýsingar um reikningsstöðu
- Millifært frá öllum útibúum
- Greitt reikninga
- Sótt um yfirdráttarheimild og greiðsludreifingu
- Fengið upplýsingar um aðra þjónustu bankans

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

NÓVEMBER TILBOÐ

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Allt að 80% lánamöguleikar

Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á góðu verði í nóvember!



Tökum notaðan upp!
notaðan! Erum í
sammingsstuði!

NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/11, ekinn 49 þús km.
dísel, sjálfskiptur
Rnr. 260006

Frábær kaup kr.
6.790 þús.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 46 þús km.
bensín, beinskíptur.

Frábær kaup kr. **1.990 þús.**
Rnr. 200929



HYUNDAI Santa Fe METAN
Nýskr. 08/12, ekinn 9 þús km.
bensín METAN, sjálfskiptur.

Frábær kaup kr. **5.690 þús.**
Rnr. 120078



HYUNDAI ix35 GLS
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús km.
bensín, sjálfskiptur.

Frábær kaup kr. **4.690 þús.**
Rnr. 151480.



CHEVROLET LACETTI STATION
Nýskr. 01/11, ekinn 26 þús km.
bensín, beinskíptur.

Frábær kaup kr. **1.990 þús.**
Rnr. 151534.



HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 05/11, ekinn 45 þús km.
bensín, beinskíptur

Frábær kaup kr. **1.990 þús.**
Rnr. 190652



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 12 þús km.
bensín, sjálfskiptur.

Frábær kaup kr. **2.190 þús.**
Rnr. 280269.

bilaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Nýstárleg leið fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál:

Íslenskuþorp á Háskólatorginu

MENNTAMÁL Íslenskuþorpið var opnað á Háskólatorgi fyrir helgi. Um er að ræða nýstárlega leið fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál til að þróa með sér tungumálið.

Í Íslenskuþorpinu er íslenska eina gjaldgenga tungumálið og verður það að finna innan ákveðinna fyrirtækja á skólasvæðinu og víðar í Reykjavík; á kaffihúsum, bókasafni, veitingastað, bókabúð, bakaríi og sundlaug. Sérþjálfað starfsfólk í fyrirtækjunum tryggir að íslenska verði samskiptamálið við afgreiðsluna.

Hugmyndin um þorpið byggir á rannsóknum dr. Guðrúnar Theodórsdóttur, lektors í annarsmálsfræðum við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Þær hafa meðal annars sýnt fram á að málnotkun



SPJALLAÐ SAMAN Vigdís Finnbogadóttir var meðal gesta opunarinnar en það var frú Dorrit Moussaieff sem vígði þorpið formlega á Háskólatorgi fyrir helgi.

sé forsenda þess að fólk tileinki sér tungumál og að notkun málsins á fyrstu stigum getur flýtt fyrir frekara námi.

- sv

Hundruð þúsunda í aukakostnað foreldra

Kostnaður Reykjavíkurborgar við að taka börn ári fyrir inn á leikskóla gæti numið um 1.250 milljónum á ári samkvæmt nýrri úttekt. Kostnaður foreldra í borginni er þó oft meira en tvöfalt hærra fyrir vistun barna hjá dagforeldrum en á leikskóla.

FRÉTTASKÝRING

Hversu mikið dýrara er að hafa börn í dagvistun miðað við leikskóla í Reykjavík?

Reykjavíkurborg gerði nýlega úttekt á því hver kostnaðurinn gæti orðið við að taka börn ári fyrir inn á leikskóla en nú er. Niðurstaðan var sú að miðað við þau 740 börn sem hefðu komið inn í leikskólana í haust, þau sem væru orðin eins árs í ágúst, hefði kostnaður borgarinnar orðið 1.250 milljónir, fyrir utan nauðsynlegar fjárfestingar í húsnæði.

Ákveðið var að skoða málið frekar með tilliti til þess hvaða skref mætti taka í þessa átt á komandi árum.

Þetta ár sem um ræðir getur hins vegar reynst foreldrum barna í dagvistun dýrt, enda eru gjöld hjá dagforeldrum og einkareknum ungarnaleikskólum talsvert hærra en leikskólagjöld.

Miðað við að hjón eða par í sambúð sé með barn í vistun hjá dagforeldri í átta tíma á dag í ellefu mánuði, frá því að fæðingarorlofi lýkur fram að því að það kemst inn á leikskóla í sumarlok á þriðja ári eins og nú er, og mánaðargjald sé 57.500 er kostnaðurinn 632.500 krónur. Samsvarandi tími á leikskóla kostar hins vegar 269.000 krónur og munurinn því 367.000 fyrir foreldra.

Það skal þó tekið fram að munurinn getur verið enn meiri enda er ekki óalgengt að börn sem fæðast fyrir á árinu séu lengur í dagvistun áður en þau fá inni á leikskóla að hausti.

Anna Rún Tryggvadóttir á barn sem er á einkareknum ungarnaleikskóla og átelur hún kostnaðarmuninn sem er milli dagvistunar og leikskóla.

„Ég held að svarið gæti legið í því að fjölga valkostunum fyrir barnafólk, en fæðingarorlof ætti að vera að minnsta kosti í eitt ár og að því loknu ætti að vera hægt að ganga að leikskólalássi vísu.“

Anna Rún telur að allir ættu að sjá að breytinga sé þörf, en ein ástæðan fyrir því að ekkert gerist sé að ástandið sé tíma-bundið.

„Þrýstihópurinn er bara í þessu ástandi í eitt til eitt og hálf ár og hugsar svo ekkert út í málin eftir það.“

Sigrún Edda Lövdal, formaður Barnsins, félags dagforeldra, segir þarna um hreina mismunun að ræða og svarið liggja í herra framlagi frá borginni í formi niðurgreiðslna. Við það geti dagforeldrar í Reykjavík lækkað verðið til foreldra.

„Það þarf að minnka þennan

→ Meira en tvöfalt dýrara í dagvistun

Kostnaður í 11 mánuði vegna vistunar barns hjóna eða foreldra í sambúð í átta tíma á dag.

700. þús

600. þús

500. þús

400. þús

300. þús

200. þús

100. þús

kr.

BARN HJÁ
DAGFORELDRI

632.500 KR.



LEIKSKÓLABARN

269.500 KR.



MIKILL MUNUR Mánaðargjald á leikskóla í Reykjavík fyrir barn hjóna eða fólks í sambúð er 24.500 miðað við átta tíma vist á dag. Samsvarandi upphæð hjá dagforeldrum er jafnan á bilinu 55 til 60 þúsund (hér er miðað við 57.500), en gjaldið getur verið enn hærra, enda er ekkert lögbindið hámark á gjaldtöku dagforeldra.

„Þrýstihópurinn er bara í þessu ástandi í eitt til eitt og hálf ár og hugsar svo ekkert út í málin eftir það.“

Anna Rún Tryggvadóttir
foreldri í Reykjavík



→ Lofa eflingu fæðingarorlofs

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, tekur undir þau sjónarmið að efla þurfi samfellu milli fæðingarorlofs og leikskóla eða dagvistunar. „Það hefur verið skorið niður í framlögum til fæðingarorlofs, en nú er aftur verið að bæta í á næsta ári. Síðan er væntanlegt frumvarp til lengingar á fæðingarorlofi úr níu mánuðum upp í tólf mánuði, í áföngum á næstu árum. Þannig mun ríkið koma til móts við foreldra.“

Í könnun sem gerð var á viðhorfi foreldra barna í dagvistun sögðust rúm 40% svarenda telja að börn ættu að hefja vistun í leikskóla á aldrinum 19 til 24 mánaða. Aðspurð um kostna við að koma börnum fyrir inn á leikskóla úr dagvistun tiltóku rúm 80% foreldra sparnaðinn sem af því hlýst. Aðspurð hvort þau væru tilbúin til að greiða svipað gjald og hjá dagforeldri til að koma barni ári fyrir inn á leikskóla svöruðu rúm 70% „já“ eða „kannski“.

Nágrannasveitarfélögin hafa verið að vinna í því að jafna kostnað svo að foreldrar hafi raunverulegt val milli dagvistunar og leikskóla, en Reykjavíkurborg er aðeins hálf-drættlingur á við hin sveitarfélögin.

„Dagforeldrar og foreldrar hafa bent okkur á mismun milli kostnaðar og eru auðvitað ekki sátt,“ segir Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. „En við höfum ekki haft fjárhagslegt svigrúm, hingað til, til að taka róttæk skref í þessum efnum.“

Oddný segir borgina hafa, á síðustu árum, stóraukið framlög til dagvistunar, aðallega vegna þess að börnum hafi fjölgað mikið auk þess sem þau hafi undanfarin misseri komið yngri inn til dagforeldra en áður. Hún segir engan vafa leika á því að í seinna tilvikinu sé um að kenna skerdingu á fæðingarorlofi.

„Við sjáum hins vegar fyrir okkur að ef fæðingarorlofið verður myndarlega munum við að sjálfsögðu hafa meira svigrúm til að gera betur og jafna muninn á þessum hópum.“

thorgils@frettabladid.is

Samsung SMART SJÓNVARP

SAMSUNG



Stærðir:

32"
40"
46"
55"

SAMSUNG 3D·LED·SMART TV·6500 LÍNAN

Kaupauki



Þráðlaust lyklaborð og tvenn 3D gleraugu fylgja UE40ES6545, UE46ES6545, UE55ES6575 til 20 desember.




Hægt að hlaða niður fjölda smáforrita (apps) í tækið



Netvafri með minni t.d. fyrir www.samsungsetrid.is



Heldur utan um allar þínar kvikmyndir og þætti



Leitar á Netinu og í gagnageymslu heimilisins að því sem þú villt finna



Í tækinu er Facebook, Twitter, Talk o.m.fl.



Hægt að fara á Skype með innbyggðri myndavél og hljóðnema



Auðvelt að tengjast öðrum tækjum heimilisins þráðlaust með innbyggðu Wi-Fi



FULL HD Hágæða upplausn



Sjálfvirk stjórn á skerpu í þrívídd



„ULTRA CLEAR“ skjár



Spilar bíómyndir af USB lykli og tekur upp á USB lykil



Lagar lélega útsendingu eins vel og hægt er



Hægt að stýra öðrum HDMI tengdum tækjum með einni fjarstýringu



Clear Motion Rate 400 Hz – hreinsar skjáinn 400 sinnum á sekúndu.



HDMI 1,4 gagnvirk tengi



Hljóðkerfi í þrívídd



Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum



Breytir myndum í þrívídd og öfugt ef notandi vill

Er þetta ekki tækið sem þig hefur dreymt um?

SAMSUNG

SETRID
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÓÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

Orðið tímabært að lofta út úr öllum kompum:

Ekki meir, Eir

Daglega berast nýjar fréttir af vafasömum fjármála-ákvörðunum hjá Hjúkrunarheimilinu Eir. Fyrir helgi komst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að fyrrverandi framkvæmdastjóri Eirar, Sigurður Helgi Guðmundsson, hefði farið á svig við fjölda-mörg lög og reglur þegar hann lét heimilið greiða utanlandsferð fyrir tengdason sinn og dóttur, sem endurgjald fyrir lögfræðistörf tengdasonarins.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Sigurður endurgreiddi féð snarlega, svo og brúðargjöf, sem heimilið hafði gefið Vilhjálmi P. Vilhjálmsyni, fyrrverandi stjórnarformanni Eirar og arftaka Sigurðar í framkvæmdastjórastólnum. Sigurður heldur því fram að Vilhjálmur hafi

farið fram á gjöfina, en því neitar sá síðarnefndi staðfastlega. Svo mikið má fullyrða að heldur frjálsglega hafi verið farið með fé í rekstri, sem að stórum hluta er greiddur af skattgreiðendum.

Þessi mál, sem ekki snúast um svimandi fjárhæðir, mega ekki yfirsýggja stóra vandamálið hjá Eir, sem er mjög erfið fjárhagsstaða hjúkrunarheimilisins. Eigið fé þess er neikvætt og það gæti farið í þrot ef ekkert verður að gert.

Þessi vonda staða er til komin vegna rangra ákvarðana eftir hrun, þegar ákveðið var að halda til streitu áformum um byggingu svokallaðra öryggisíbúða, þar sem aldrei fólk greiðir fyrir íbúðarrétt og á að geta fengið fé sitt endurgreitt þegar það fer úr íbúðinni. Íbúarnir eiga nú inni yfir tvo milljarða króna hjá Eir. Fari heimilið í þrot, eiga lánardrottinn á borð við Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóði veð fyrir lánum sínum, en gamla fólk getur tapað öllu sínu. Það er að sjálfsgöðu staða sem þarf að reyna að koma í veg fyrir með öllum ráðum.

Öryggisíbúðirnar eru reknar af svokölluðum Húsrekstrarsjóði Eirar og það er hann sem stendur afleiðlega. Rekstur sjálfs hjúkrunarheimilisins er í lagi, en vegna þeirrar óvenjulegu ákvörðunar að hafa rekstur hjúkrunarheimilisins og íbúðanna á sömu kennitölu, getur staða Húsrekstrarsjóðsins bitnað á allri starfseminni. Ríkisútvarpið sagði frá því í gærkvöldi að sjóðurinn hefði undanfarið ár tekið fé að láni hjá hjúkrunarheimili Eirar, þrátt fyrir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að slíkt væri óheimilt.

Alvarleg staða Eirar virðist ekki hafa orðið ljós fyrr en á síðustu mánuðum, eftir að nýr framkvæmdastjóri tók við rekstrinum. Vilhjálmur P. Vilhjálmsson stjórnarformaður sagði af sér eftir að hann hafði meðal annars verið sakaður um að leyna stjórnina upplýsingum um stöðu mála á meðan hann var framkvæmdastjóri. Það var rétt ákvörðun. Hins vegar er óskiljanlegt að öll stjórnin skuli ekki hafa tekið sömu ákvörðun. Það virðist alveg augljóst að hún hefur brugðist eftirlitshlutverki sínu og að á hennar vakt hafa verið teknar bæði smáar og stórar kolrangar ákvarðanir.

Það er orðið tímabært að lofta út úr öllum kompum hjá Eir, að stjórnin víki og ný taki við og rækileg úttekt verði gerð á öllum rekstri hjúkrunarheimilisins síðustu árin. Þetta þarf að gerast samhliða því að reynt er að endurskipuleggja reksturinn, með hagsmuni skjólstaðinga Eirar að leiðarljósi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gemmér!

Það er gott að fá góðar gjafir, þó þeir séu til sem haldi því fram að sælla sé að gefa þær en þiggja. Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, fyrrum borgarstjóri og stjórnarformaður Hjúkrunarheimilisins Eirar, virðist ekki ókunnugur því að þiggja gjafir, stórar sem smáar. Skyldi engan undra. Ef eitthvað er að marka fyrrum framkvæmdastjóra Eirar, heimtar Vilhjálmur góða gjöf hafi menn ekki planlagt eina slíka fyrir hann.

Gemmér!


Vanþakklæti

Vilhjálmur neitar því reyndar að hafa heimtað gjöfina, sem var 100 þúsund króna gjafabréf. Í samtali við Ríkisútvarpið sagðist hann hafa farið yfir sín gögn og jú, hann hafi fengið þetta gjafabréf. Hefði þó ekki heimtað það. Það lýsir manni sem er vanur því að þiggja stórar gjafir að hann þarf að fletta 100 þúsund kallið upp í bókhaldinu.

Af því að þú ert kona?

Oddný G. Harðardóttir vann glæsilegan sigur í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi. Ríkisútvarpið sagði að sjálfsgöðu frá þessu og ræddi fyrst við þann sem hún sigraði; Björgvin G. Sigurðsson. Hann fór yfir mannkosti Oddnýjar og hvað hefði orðið honum fjötur um fót. Þá sneri fréttakonan sér að Oddný og vildi aðeins vita eitt; vannstu af því að þú ert kona? Fyrrverandi fjármálaráðherra íslensku þjóðarinnar þurfti að svara því.

kolbeinn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

„Fremstur norrænna sakamálahöfunda.“

THE TIMES VAKA-HELGAFFELL www.forlagid.is

Svar við bréfi Jóhanns

LÍFEYRISJÓÐIR



Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ

Jóhann Hauksson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, sendi mér opið bréf á föstudag þar sem hann spyr hverjum hann eigi að stefna fyrir að hafa tekið út séreignasparnað sinn til að takast á við kreppuna. Það er miður að Jóhann virðist ekki greina á milli samtryggingar og séreignar.

Málið er ekki sérlega flókið. Ef teknir eru skattar af lífeyrissjóðunum þá minnkar geta þeirra til að greiða almennu launafólki lífeyri, af því leiðir að réttindi eru lækkuð. Hins vegar bætir ríkissjóður sem launagreiðandi sínum lífeyrissjóðum og sínum starfsmönnum þennan skatt með auknu framlagi og engin lífeyrisréttindi þarf að lækka. Miðað við almennan áhuga ráðherra og þingmanna á að nota ríkissjóð til að verja eigin réttindi og skilningsleysi þeirra á því að í landinu eru tvö ólík lífeyriskerfi ætti svo sem ekki að koma á óvart, að aðstoðarmenn vaði sömu villu.

Og Jóhann, það var ASÍ sem lagði til í október 2008 að hækka yrði vaxtabætur til að hjálpa heimilunum. Ríkisstjórnin gerði hins vegar ekkert í málinu fyrr en 2011 eftir mikinn þrýsting frá ASÍ.

Það er dapurlegt að Jóhann skuli setja samasemmerki milli lífeyrisréttinda almennings og stöðu bankanna í hruninu. Það ber vott um undarlega sýn á það sem

→ Það er dapurlegt að Jóhann skuli setja samasemmerki milli lífeyrisréttinda almennings og stöðu bankanna í hruninu.

hér gerðist 2008. Bankarnir voru gerendur í efnahagshruninu á meðan launafólk mátti þola skert lífeyrisréttindi vegna þess. Að ríkisstjórnin skuli útfæra sérstakan skatt á lífeyrisréttindi, skatt sem lendir eingöngu á almennu launafólki sem býr við lakari réttindi en opinberir starfsmenn, er ekki bara óþolandi heldur óréttlátt. Þetta er brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

En sjáðu til Jóhann, þetta vissi forsætisráðherra og allur þingheimur. Þetta höfðu forseti og varforseti ASÍ farið ítarlega yfir með fulltrúum ríkisstjórnarinnar haustið 2010 þegar ríkisstjórnin krafðist þess að stjórnir lífeyrissjóðanna brytu lög í landinu og aftur haustið 2011 þegar umrætt frumvarp kom fram. Samt var það þannig að þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna ákváðu að stöðja þetta frumvarp, vitandi af þessu grófa ójafnræði. Þeir sáu ekki ástæðu til að standa vaktina fyrir 100 þúsund launamenn á hinum almenna vinnumarkaði. Það er miður.

Hin óverðugu

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Sérhvert tímaskeið hefur sín sérstöku tækifæri til misskiptingar og ranglætis, sína hagsmunapotara, sitt baráttufólk fyrir réttlæti, sitt sérstaka svindilbrask og sín sérstöku úrræði til að jafna kjörin – sína sérstöku baráttu góðs og illis – en mannlegar dyggðir og mannlegir lestir hefja sig upp yfir stað og stund í mannlegu samfélagi; hófsemi-ágirnd, auðmýkt-hroki, meðlíðan-sjálhverfa... allt fylgir þetta mönnum alltaf. Hið fullkomna þjóðfélag er ekki til. Sól hins endanlega réttlætis rennur aldrei upp. En við reynum samt að ganga á ljóssins vegum, tölum fyrir hugmyndum, leitumst við að þoka málum í þessa áttina eða hina, hvort sem við aðhyllumst félagshyggju eða einstaklingsframtak – og tökum sum þátt í stjórnmálum.

Ástríðukratinn

Sighvatur Björgvinsson er búinn að gera sitt. Hann hafði almanna-hag að leiðarljósi í störfum sínum; reyndi forgefins að koma á skynsamlegu tilvísanakerfi á sínum tíma, þannig að fólk með smákvilla leitaði til heimilislækna en ekki rándýrra sérfræðinga sem sendu reikninginn til ríkissjóðs. Og hann linnti ekki látum fyrir en hann hafði komið upp stofnun til að hýsa ósakhæfa afbrotamenn sem fram að því höfðu verið fluttur hreppaflutningum til annarra landa til að grotna niður, og var vissulega íslenski þjóð til skammar. Þar sýndi hann meðlíðan. Sighvatur er ástríðufulgur krati að svo miklu leyti sem þetta tvennt getur farið saman því að kratismi er hófsemdarstefna í eðli sínu, hann er ákafur, rökfastur, mælskur og bardagaglaður. Það er gaman að lesa skrif hans því að honum stendur á sama um það hvað öðrum finnst og hann telur sig bera sannleikanum vitni; verði hreinlega að gera það. Þar með er ekki sagt að hann geri það.

Margir hafa að undanförunu svarað skrifum Sighvats um þá kynslóð Íslendinga sem nú er á vinnualdri og hann kennir við

sjálhverfu og virðist telja að vilji úrlausn mála sinna út af frekju eftir að hafa staðið fyrir flestum efnahagslegum óhæfuverkum síðustu ára. Menn hafa vísað þessum skrifum til föðurhúsanna með upprifjunum á því hvernig hægt var að hagnast á kostnað foreldra og barna þegar Sighvatur var sjálfur á besta aldri, og talað um Drakúla-kynslóðina í því sambandi. Gott og vel. Um þetta má sjálfsagt þrætta vel og lengi. En það er óþarfi að tala af fyrir-litningu um vanda fólks – eins og hann sé á einhvern hátt ekki verður ef hann er til kominn af of mikilli trúgírni og bjartsýni um þær forsendur sem fólk var talin trú um að giltu.

Sighvatur stillir einni kynslóð upp gegn annarri, sem má segja að sé viss nýjung í jafnaðarstefnunni. Hann virðist telja að það fólk sem nú á í fjárhagsferfiðleikum eftir fall bankanna og stökkbreytingar lána í kjölfarið geti sjálfu sér um kennt, það eigi að bita á jaxlinn og hætta að kvarta; hætta að vera sjálhverft.

Reikningsdæmið rangt

Þegar talað er um réttlæti í þessu sambandi er yfirleitt átt við að lánakjör sé eitthvað í líkingu við þau sem stóðu til boða þegar lánin voru tekin en höfuðstóllinn hverfi ekki sífellt lengra burt eftir því sem fólk greiðir meira og hærri upphæðir, svo sem eins og í refsingarskyni fyrir það að bensínið hækkaði og þar með vísitalan, þar með lánin, þar með bensínið, þar með vísitalan, þar með lánið, þar með... Fólk missir eignir. Það missir vinnu. Það missir heimili. Það missir hálfbyggð hús. Kannski var sumt af þessum byggingum og húsakaupum ekki vel ígrundað og eflaust var á stundum teft á tæpastu það að þjóðlegum sið – en oftast var fólk að taka „eðlileg“ lán í góðri trú og einhvers staðar var vitlaust reiknað. En umfram allt var sjálft reikningsdæmið vitlaust.

Kannski þarf að fara varlega í skuldaniðurfellingar vegna hagsmuna sparifjareigenda og lífeyrisþega en það er óþarfi að tala um fólk í skuldafjötrum eins og vandi þess sé karakterbrestur og til kominn af illu innræti. Því fólk missir ekki bara eignir og vinnu, íbúðir og hús, byggð og hálfbyggð; það missir draum sinn um aðra og betri tilveru, jafnvel sjálfan lífsgrundvöllinn. Sök

... þá rís upp einn helsti leiðtogi jafnaðarmanna á síðustu öld og sakar það um sjálhverfu, segist jafnvel ekki þekkja lengur þessa þjóð; og lætur eins og þjóðin hafi á einhvern hátt brugðist sér.

Þess er fyrst og fremst sú að hafa tekið þátt í leik sem öllum Íslendingum hefur verið þröngvað inn í um árabil, ekki síst af þeim öflum sem Alþýðuflokksmenn leiddu til öndvegis á ögurstund í svonefndri Viðeyjarstjórn. Og hvað á blessað fólkið að halda þegar það les um trilljarða-afskriftir kvótafursta og auðvaldsherra? Þegar það fer fram á leiðréttingar hjá bönknum eða stjórnvöldum – bara einhverjum – biður um að forsendur verði leiðréttar þá rís upp einn helsti leiðtogi jafnaðarmanna á síðustu öld og sakar það um sjálhverfu, segist jafnvel ekki þekkja lengur þessa þjóð; og lætur eins og þjóðin hafi á einhvern hátt brugðist sér.

Það má auðvitað segja um alla baráttu fyrir betri hag; að hún vitni um „sjálhverfu“. En einhvern veginn hélt maður að það væri grundvallaratriði í jafnaðarstefnunni að tengja fátækt, skuldabasl og fjárhagsferfiðleika ekki við tiltekna lesti eða skapferli heldur við rangláta þjóðfélagsskipan. Ógöngur íslensks samfélags eru ekki vegna lundarfars tiltekinnar kynslóðar – þar sem sumir hagnast en aðrir tapa, sumir tala fyrir ranglæti en aðrir berjast fyrir jöfnuði – heldur niðurstaða áralangrar þróunar þar sem margir stjórnmálamenn hafa lagt hönd á plóg – þar á meðal Sighvatur Björgvinsson.

Boddýhlutir í bíla



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

maritech
- tryggir þér samkeppnisforskot



Sjávarútvegslausrir

hvert er þitt hlutverk?

Gæðastjórinn:

„Hlutverk mitt er að tryggja gæði og rekjanleika vörunnar.“

Maritech býður lausrir í sjávarútvegi sem spanna alla virðiskeðjuna. Maritech sérhæfir sig í Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausnum.



maritech | Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 102, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » sala@maritech.is » www.maritech.is

Microsoft Dynamics™ NAV
Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Solution Independent Software Vendor (ISV)



7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.is

Þér er boðið að reynsluaka nýjum Kia cee'd Sportswagon



cee'd



The Power to Surprise

Við kynnum nýjan Kia cee'd Sportswagon - stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km í blönduðum akstri.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.

Verð frá **3.590.777 kr.** Kia cee'd Sportswagon dísil
Aðeins **30.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Vetrardekk fylgja með í nóvember

*M.v. 50% útborgun eða uppítkubíll að sambærilegu verðmæti. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06 %.



Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



ASKIA - Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

Meira fyrir mig!

Mér skilst, að um ný þúsund manns hafi lýst stuðningi sínum á neti Vísis við greinarnar mínar tvær í Fréttablaðinu og að slíkt hafi ekki áður sést þar á bæ. Sá mikli stuðningur kom mér satt að segja á óvart. Nokkrir úr þeim hópi hafa tjáð mér stuðning beint - í síma, með SMS og í tölvupósti. Þeir hafa margir sagt, að þeir hafi lengi verið sömu skoðunar og ég, en ekki vogað að tjá sig. Hvers vegna ekki? Gefum orðið einum þeirra, sem sendu mér tölvupóst. Sá sagði orðrétt: „Ég hef oft hugsað um þetta en ekki lagt í að skrifa um það fremur en ýmislegt fleira. Menn þurfa að vera vogaðir til að þora að tjá skoðanir sínar á Íslandi, ekki síst eftir að „bloggheimar“ komu til sögunnar. Þar eru menn „afhausaðir“ ef þeir hafa skoðanir andsnúnar við það sem blogggarar sumir hverjir hafa.“

SAM-FÉLAGSMÁL



Sighvatur Björgvinsson
fyrirverandi ráðherra

→ Hitt er samt íhugunarefni, að örfá hundruð vel menntaðs ungs fólks - aðallega ungir karlmenn - „afrekaði“ á fáum árum að koma þessari örfámennu þjóð á spjöld sögunnar fyrir sum af stærstu gjaldþrotum heims!

Orðsóðar í bloggheimum

Bloggheimar! Margir, sem þar vista sig, eru ekki skrifandi á íslenskt mál. Fleiri, sem ekki geta tjáð sig nema með heift, hatri og ofsa. Orðsóðar, sem hreyta óhróðanum í hvern þann, sem þeim er ekki að skapi. Stærstur hluti bloggskrifanna myndi ekki fá inni í nokkrum þeim prentmiðli, sem hefur snefil af sjálfsvirðingu - en samt skreyta höfundarnir skrif sín á blogginu með myndum af sjálfum sér og jafnvel allri fjölskyldunni! Og svo er sagt að fólk hræðist þetta!

Á ég að trúa því að íslenskt samfélag standi ekki betur vörð um tjáningarfrelsið en svo, að fólk þori ekki að tjá sig vegna orðsóða í bloggheimum? Eigum við að una því? Að andlegir ofbeldismenn ráði för? Ég nefndi það unga fólk „sjálfhverfu kynslóðina“, sem helst ekki vill tala um neitt annað en sjálft sig - eigin sigra og eigin tög. Sér fátt annað. Einhverjir virðast hafa skilið þau orð á

þann hátt, að allir einstaklingar af þeirri kynslóð eigi að hafa tekið þátt í fjárglæfrunum, sem lögðu Ísland á hliðina og komu fjölskyldum í þrot. Mér kemur ekki til hugar, að hver og einn af þessari kynslóð sé í hópi gerenda. Svo er auðvitað ekki. Þó kynslóðin sé sjálfhverf þá er því víðs fjarri að hún geti ein sagst bera ábyrgð á hruninu. Fleiri - og eldri - komu þar að verki. Hitt er samt íhugunarefni, að örfá hundruð vel menntaðs ungs fólks - aðallega ungir karlmenn - „afrekaði“ á fáum árum að koma þessari örfámennu þjóð á spjöld sögunnar fyrir sum af stærstu gjaldþrotum heims! Sé nokkrum hundruðum bætt þar við þá er kominn sá hópur, sem jafnframt tókst að gera einu allan ævisparnað fjölmargra aldraðra einstaklinga. Er það ekki umhugsunarvert?

Leitað til „gamla gengisins“

Og er það ekki líka umhugsunarvert, að þegar allt hrundi á Íslandi þá var leitað til „gamla gengisins“ - til þeirra Jóhönnu og Steingríms!!! Allur heimurinn er nú þeirrar skoðunar, að undir forystu þeirra hafi tekist að reisa Ísland úr öskunni. Allur heimurinn - nema Íslendingar? Af hverju ekki Íslendingar? Af því svo mörgum Íslendingum þykir, að þau Jóhanna og Steingrímur hafi alls ekki gert nógu mikið - „fyrir mig“. Það þykir mér vissulega vera umhugsunarvert. Það er líka satt. Það þarf að gera svo miklu meira - „fyrir mig“!

ALMENNINGUR OG HLUTABRÉFAKAUP HVAD BER AÐ HAFA Í HUGA?

• Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fjallar um hlutabréfakaup á mannamáli.

• Jóhann Möller, sjóðsstjóri hjá Stefni, fjallar um eðli sjóða og fjárfestingarmöguleika á hlutabréfamarkaði.

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 20. nóvember kl. 17.30 í Arion banka, Borgartúni 19.

Léttar veitingar í boði. Allir velkomnir.

Skráning á arionbanki.is.



Tímamótasamstarf

Ísland er þekkt fyrir mikla atvinnuþátttöku þjóðarinnar sem er meiri en þekktist í nokkru öðru ríki innan OECD. Við viljum öll vinna sem getum og gerum það ef vinnu er að fá. Missi fólk vinnuna hefst leit að nýju starfi og á það þá rétt til atvinnuleysisbóta. Þær fela hins vegar ekki í sér neina lausn heldur eru aðeins tímabundið fjárhagslegt úrræði þar til úr rætist.

Framlenging bótaréttar ekki varanleg lausn fyrir atvinnuleitendur Réttur til atvinnuleysisbóta var í kjölfar efnahagshrunsins framlengdur tímabundið úr þremur árum í fjögur. Um áramótin verður hann aftur þrjú ár. Mikið hefur verið rætt um hvernig bregðast eigi við þessum aðstæðum. Þrennt var í stöðunni; að gera ekkert – að framlengja aftur bótaréttindi – eða ráðast í aðgerðir til að skapa þeim sem í hlut eiga tækifæri til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn.

Frá 1. september síðastliðnum til loka næsta árs er áætlað að um 3.700 atvinnuleitendur fullnýti rétt sinn innan atvinnuleysisstryggingakerfisins. Þetta er mikill fjöldi og ljóst að án aðgerða myndi stór hópur fólks ekki eiga annars úrkosta en sækja um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, endurhæfingarlífeyri eða örorkubætur. Enginn þessara kosta er góður, því fólk vill vinna ef það getur, vera virkt, fá laun fyrir framlag sitt og leggja af mörkum til samfélagsins.

Ríki, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins hafa setið á rökstólum síðustu vikur og unnið sleitulaust að sameiginlegri og skynsamlegri niðurstöðu um hvað skuli

ATVINNUMÁL



Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra

gera í málefnum fólks sem hefur fullnýtt eða fullnýtir á næstunni rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Niðurstaða liggur fyrir í sannkölluðu tímamótasamkomulagi. Atvinnuleysisstryggingasjóður leggur til um 2,7 milljarða króna sem að stærstum hluta nýtist sem mótframlag til launa í sex mánuði fyrir um 2.200 starfstengd vinnumarkaðs-

úrræði sem almenni vinnumarkaðurinn, sveitarfélögin og ríkið skuldbinda sig til að bjóða.

Endurhæfing

Fengin reynsla sýnir að allt að 25% atvinnuleitenda geta ekki nýtt sér starfstengd vinnumarkaðsúrræði og þurfa á endurhæfingu að halda. Því er miðað við að um 900 manns fái atvinnutengda endurhæfingu, að hluta til fólk með réttindi innan Atvinnuleysisstryggingasjóðs en jafnframt um 520 einstaklingar sem hafa fullnýtt rétt sinn og verður þeim tryggður framfærslustyrkur úr Atvinnuleysisstryggingasjóði.

Samvinna

Hluti þess hóps sem nýtur framfærslu sveitarfélaga er án efa vinnufær og því er í samkomulaginu lögð áhersla á að hann geti fengið ráðgjöf og annan stuðning hjá Vinnuálastofnun eða á vegum stéttarfélaga. Til þess er gott samstarf nauðsynlegt milli atvinnuráðgjafanna og félagsráðgjafa sveitarfélaganna. Markviss þjónusta við þennan hóp á að hefjast á næsta ári. Eins er áformað öflugt samstarf Vinnuálastofnunar, sveitarfélaga og starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK fyrir fólk úr þessum hópi sem getur

→ Hér hefur sýnt sig hve miklu er hægt að koma til leiðar með samtakamættinum.

nýtt sér atvinnutengda starfsendurhæfingu. Loks er stefnt að fjölgun Atvinnutorga í samstarfi Vinnuálastofnunar og sveitarfélaga fyrir ungmenni á aldrinum 16–25 ára sem þurfa mikinn stuðning til að komast í vinnu eða virkni.

Þjóðaráttak

Ég er nokkuð viss um að hvergi annars staðar hafi þjóð sameinast jafn eindregið í aðgerðum til að fyrirbyggja alvarlegar afleiðingar langtímaatvinnuleysis. Stjórnvöld gáfu tóninn um þessar áherslur en ein hefðu þau ekki áorkað miklu. Hér hefur sýnt sig hve miklu er hægt að koma til leiðar með samtakamættinum. Ríki og sveitarfélög, samtök launafólks og atvinnurekenda, skólakerfið, félagasamtök og almenningur hafa lagst á eitt í sannkölluðu þjóðaráttaki gegn atvinnuleysi. Þess vegna hefur fjöldi fólks átt kost á áhugaverðum störfum, tekið þátt í nýsköpunarverkefnum, stundað nám eða fengist við önnur uppbyggileg og áhugaverð verkefni, fólk sem annars hefði þurft að berjast eitt gegn lamandi áhrifum atvinnuleysis, afskiptaleyfis og innihaldslausra daga.

Ég treysti því að áfram verði sterk samstaða um þær aðgerðir sem hér eru kynntar. Allt sem gert er í þessum tilgangi mun gera samfélagið miklu sterkara og betra þegar upp er staðið en ella.

Efling atvinnulífs og fjölgun starfa er þó ávallt mikilvægasta verkefnið.

Björgum mannlífum og bætum umhverfið

Nýverið var greint frá því í fréttum að Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög á Stór-Reykjavíkursvæðinu hefðu gert samkomulag við íslenska ríkið þess efnis að ekki yrði efnt til neinna stórframkvæmda í samgöngumálum í Reykjavík næstu tíu árin.

Þessi ráðstöfun verður að teljast í meira lagi undarleg, því hér í Reykjavík og nágrenni býr stærstur hluti þjóðarinnar, hér er umferðin mest og hér er mest aðkallandi að hefja framkvæmdir til að greiða fyrir umferðinni. Á sama tíma og aðeins örlítið brot vegafjár fer til Reykjavíkur er fjármunum almennings sölundað í óarðbærar framkvæmdir á borð við Héðinsfjarðargöng og Vaðlaheiðargöng, en þau hin síðarnefndu stytta ferðatímann austur fyrir Akureyri um aðeins tíu mínútur.

Umferðartafir kosta

Þær tafir sem verða á háannatímum á helstu umferðaræðum Reykjavíkurborgar kosta samfélagið margar milljónir króna dag hvern. En hér kemur hvort tveggja til vinnutap og aukinn eldsneytis- kostnaður, að ekki sé minnst á mengunina sem fylgir því þegar bifreiðar stöðva og taka af stað í sífellu. Tími er dýrmætur og er það allra hagur að honum sé ekki eytt í umferðarteppum.

Vinstrimeirihlutinn í borgarstjórn gætir fjarri því hagsmuna borgarbúa í þessum málaflokki heldur dregur algjörlega

SAMGÖNGUR



Elí Úlfarsson
flugnemi

→ Tími er dýrmætur og er það allra hagur að honum sé ekki eytt í umferðateppum.

taum landsbyggðarþingmanna Samfylkingarinnar. Aukin fjárframlög til Strætó munu aldrei bæta fyrir þann skaða sem Samfylkingin hefur valdið í umferðarmálum Reykjavíkur. Almennur hefur fyrir löngu kosið að nýta sér fjölskyldubílinn umfram aðra samgöngumáta.

Fólk hafi val

Við sjálfstæðismenn viljum að einstaklingurinn hafi val. Vinstrimenn vilja aftur á móti stjórna lífi samborgara sinna, þar á meðal hvernig þeir ferðast. Sósíalisma sinn setja þeir nú í búning borgarskipulagsfræði og umhverfisverndar, en sósíalistar hafa á öllum tímum haft lag á að fegra ásýnd hugmyndafræði sinnar. Undir niðri býr þó alltaf kalt og napurt stjórnlyndið.

Öryggi er síðan stærsti þátturinn í þessu þar sem mannlíf verða ekki metin til fjár. Mislæg gatnamót draga úr alvarlegum slysum, en langflest alvarleg umferðarslys á Stór-Reykjavíkursvæðinu verða á ljósastýrðum gatnamótum. Það er hagur allra landsmanna að mun hærra hlutfalli vegafjár verði varið til samgöngubóta í Reykjavík.

Höfundur býður sig fram í sjötta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Gille piparkökur
einfalda
jólabaksturinn



– alvöru piparkökur

BÓNUS

HAGKAUP

Fást í verslunum Hagkaups og Bónus

MERKISATBURÐIR

- 1614** Umsátrið um Osaka í Japan hefst.
- 1875** Styttta af Bertel Thorvaldsen eftir hann sjálfan er afhjúpuð á Austurvelli á 105 ára afmæli Thorvaldsens. Styttan er flutt í Hljómskálagarðinn 1931.
- 1875** Thorvaldsensfélagið er stofnað í Reykjavík. Stofnendur eru 24 konur og er þetta elsta kvenfélag í Reykjavík.
- 1899** Fríkirkjusöfnuður stofnaður í Reykjavík.
- 1946** Ísland gerist aðili að Sameinuðu þjóðunum.
- 1974** Geirfinnur Einarsson hverfur í Keflavík og hefst þá Guðmundar- og Geirfinnsmálið svonefnda.

+

Okkar ástkæri faðir, bróðir, frændi og vinur,
JÓHANNES ÁGÚSTSSON
Sléttahrauni 24, Hafnarfirði,
lést á Landspítalanum fimmtudaginn
15. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Jórunn Jóhannesdóttir
Hrólfur B Ágústsson og fjölskylda
Guðrún Ágústsdóttir og fjölskylda
Maria Ohlsson.

+

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,
HELGA HREINSDÓTTIR
Króki, Gaulverjabæjarhreppi,
áður til heimilis að Kársnesbraut 85,
Kópavogi,
andaðist laugardaginn 10. nóvember.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu.

Lilja María Gísladóttir
Ingvar Hreinn Gíslason
tengdabörn og barnabörn.



+

Okkar kærri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
REYNIR JÓHANSSON
Skúlaskeiði 32, Hafnarfirði,
lést mánudaginn 12. nóvember að
Sólvangi Hafnarfirði. Útförin fer fram
frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn
20. nóvember kl. 15.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Hólmfríður Finnbogadóttir



+

Okkar ástkæri
FRÍÐJÓN JÓNSSON
frá Lindarbrekku í Staðarsveit,
lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn
7. nóvember á hjúkrunarheimilinu Skógar-
bæ. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
mánudaginn 19. nóvember kl. 11.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á
minningarkort Skógarbæjar.

Hanna Olgeirsdóttir
Elísa Anna Friðjónsdóttir
María Lóa Friðjónsdóttir
Jón Unnar Friðjónsson
Heiða B. Friðjónsdóttir
Linda Kristín Friðjónsdóttir
Linda Elínborg Friðjónsdóttir
afabörn og langafabörn.

Hermann Jóhannesson
Gunnar Sigurfinnsson
Hulda Vilhjámsdóttir
Björn Magnús Tómasson
Víktor Pétursson



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,
GUÐMUNDA SUMARLIÐADÓTTIR
lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Faxa-
braut 13, Reykjanesbæ 11. nóvember sl.
Jarðsungið verður frá Ytri Njarðvíkurkirkju mánudaginn
19. nóvember nk. og hefst athöfnin kl. 13.00. Starfsfólki
Hlévangs viljum við senda okkar bestu þakkir fyrir frábæra
umönnun og sérstaka hlýju þann tíma sem Munda bjó hjá ykkur.

Jósebína Gunnlaugsdóttir
Gunnlaugur Gunnlaugsson
Hafdis Gunnlaugsdóttir
Karl Hólm Gunnlaugsson
Sævar Gunnlaugsson
og aðrir aðstandendur.

Kristjana Sigurðardóttir
Róbert Svararsson
Sigurveig Þorsteinsdóttir
Selma Kristjánsdóttir




ÆVINTÝRI RÖSKVU Hildur segist hafa beðið eftir að Röskva birtist í tuttugu ár. Nú er hún ljóslifandi komin, orðin söguhetja í bókinni Blend-ingurinn og ekkert fararsnið á henni því Hildur er þegar byrjuð á næstu bók um hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mitt svar við erfiðleik- um raunveruleikans

Blendurinn er fyrsta bók Hildar Margrétardóttur myndlistarmanns. Hún varð til á löngum myrkfælninóttum í Stokkhólmi og neitar að yfirgefa skapara sinn.

Blendurinn eftir Hildi Margrétardóttur

Blendurinn er gefin út sem rafróbók hjá emma.is en einnig er hægt að panta prentuð eintök.

Um söguefnið segir á bókarkápu: Söguhetjan Röskva hefur alist upp við erfiðar fjölskyldu-aðstæður og á þá ósk heitasta að hverfa. Hún ákveður að flýja og endar í ókunnum heimi. Þar þarf hún að hafa sig alla við til að skilja heimsmyndina og takast á við öflin sem þar ríkja.

Blendurinn er spennu- og raunasaga, skrifuð fyrir börn og unglinga á aldrinum 8-14 ára, en ætlað að höfða jafnframt til eldri lesenda.



alltaf leikið þér og nýtt ímyndunaraflíð til að koma þér á annan stað.“ Áttu börn sjálf? „Já. Dóttir mín er tvítug og aðalsöguhetjan er í rauninni nefnd í höfuðið á henni. Ég ætlaði mér alltaf að skíra hana Röskvu en þorði það ekki. Mér fannst þetta svo sterkt nafn að ég stóð ekki með sjálfri mér og gaf henni annað nafn. Röskvunafnið hefur samt alltaf fylgt mér og ég hef alltaf verið að bíða eftir þessari stelpu. Hún kemur svo svona sterkt fram tuttugu árum seinna og er svona mikil hetja.“ Myndskreyttirðu bókina líka? „Nei, en ég teiknaði mynd af Röskvu sem ég á bara fyrir sjálfa mig, hún var ekki sett í bókina.“

Þú ert kennari að aðalstarfi, eða hvað? „Já, núna, byrjaði bara í haust en hef hingað til starfað sem myndlistarkona og við kvikmyndagerð, heimildarmyndir og slíkt. En gallinn við listina er að það er enginn peningur í henni og maður verður jú að lifa. Þannig að ég dreif mig í kennaranám og fór að kenna, sem er reyndar rosalega gaman.“ En ætlaðu að halda áfram að skrifa? „Já. Ég er byrjuð á næstu bók um Röskvu, hún heldur áfram.“ Verður þetta kannski þríleikur eins og er svo vinsælt núna? „Ég bara veit það ekki. Ég læt það bara ráðast. Ef bókinn vill verða að þríleik þá bara verður hún það.“

fridrikab@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 19. NÓVEMBER 1959

Auður Auðuns kjörin borgarstjóri

Auður Auðuns hlaut kosningu til embættis borgarstjóra í Reykjavík þann 19. nóvember 1959, fyrst kvenna. Hún gegndi embættinu ásamt Geir Hallgrímssyni til 6. október 1960.

Auður var fædd á Ísafirði 18. febrúar 1911, dóttir Jóns Auðuns Jónssonar alþingismanns, fyrst fyrir Íhaldsflokkinn og svo seinna fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og Margrétar Guðrúnar Jónsdóttur. Auður tók stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík árið 1929 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1935, fyrst íslenskra kvenna.

Auður starfaði sem lögfræðingur Mæðrastreksnefndar Reykjavíkur á

árunum 1940–60. Hún var bæjar- og síðar borgarfulltrúi í Reykjavík á árunum 1946–1970. Var forseti bæjarstjórnar, síðar borgarstjórnar 1954–1959 og 1960–1970 og alþingismaður Reykvik-inga 1959–74, fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hún var skipuð dóms- og kirkjumálaráðherra þann 10. október 1970 og gegndi embættinu fram á mitt sumar 1971, fyrsta íslenska konan til að gegna ráðherraembætti.

Auður var virk í Kvenréttindafélagi Íslands og var hún gerð að heiðursfélagi 19. júní 1985 þegar sjötíu ár voru liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt. Hún andaðist 19. október 1999.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



STRESSLAUS DESEMBER

Gott er að dreifa jólaálaginu í desember og byrja snemma að huga að bakstri og laufabrauðsgerð. Jólasmákökurnar geymast vel en miklu skemmtilegra er að hafa þær á borðum alla aðventuna og leyfa heimilisfólki og gestum að njóta. Ljúffengar smákökur á fallegum kökudiski gleðja augu og bragðlauka.

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
Sí: 58 58 900-
www.jarnogler.is



ALHLIÐA LAUSNIR

FRÍFORM KYNNIR Fríform, Askalind 3 Kópavogi, selur gæðainnréttingar frá Nettoline og raftæki frá ELBA og fleirum á góðu verði. Þegar verslað er við Fríform fæst allt á einum stað, allt frá hönnun til uppsetningar.

Fríform selur danskar gæðainnréttingar og eldhústæki auk þess að sjá um ýmsa sérsmíði. Það var stofnað af feðgunum Birni Lévi Viðarssyni og Viðari Kornerup-Hansen árið 2000 og fagnar því 12 ára afmæli um þessar mundir. „Við rekum alhliða þjónustu. Fólk hefur val um innréttingar frá tveimur framleiðendum í ósamsettum einingum og getur látið okkur sjá um samsetningu og uppsetningu. Eða látið okkur sérsmíða innréttingu á trésmíðaverkstæðinu okkar. Auk þess útvegum við alla iðnaðarmenn sem þarf til uppsetningar ef fólk óskar; trésmíði, rafvirkja, pípara, múrara og svo framvegis,“ segir Björn Lévi Viðarsson eigandi.

Mikið er lagt upp úr persónulegri þjónustu hjá Fríform. „Við erum lítið fyrirtæki og boðleiðir stuttar sem gerir það að verkum að öll þjónusta verður mun persónulegri en hjá stórum aðilum. Hér vinna sjö starfsmenn og svo erum við með verktaka í uppsetningum. Þá rekum við líka raftækjaverkstæði til að þjónusta

raftækin og tengja þau. Hér er allt til alls og óþarfi að leita annað.“

Vöruúrvalið er einnig mikið og fjölbreytt hjá Fríform. „Við erum í raun með alhliða lausnir fyrir heimili. Hvort sem það eru skáparennihurðir, helluborð, kæli- og isskápar, borðplötur, ofnar, innréttingar fyrir það, eldhús, þvottahús, herbergi eða annað þá finnur fólk það hér.“

Reglulega eru tilboð í gangi á innréttingum og tækjum hjá Fríform. „Núna fyrir jól erum við með 25 prósentu afslátt af öllum innréttingum til jóla. Þá er 30 prósentu afsláttur á raftækjum sem keypt eru með innréttingum. Allar innréttingar eru með fimm ára ábyrgð og tveggja ára ábyrgð er á raftækjum. Lítið mál er að leita tilboða í innréttingar og tæki. Það eina sem fólk þarf að gera er að senda okkur málin af rýminu og hvað það hefur í huga. Við hönnum innréttingu og gerum fólk tilboð um hæl. Einnig er tilvalið að líta við í sýningarsal Fríforms í Askalind 3 eða kíkja á heimasíðuna www.friform.is.“

TILBOÐ TIL JÓLA 25 prósentu afsláttur er af öllum innréttingum til jóla og 30 prósent af raftækjum sem keypt eru með innréttingum.
MYND/VILHELM

HLEÐSLUTÆKI

Tilvalið í jólapakkann!



12V 4A

12V 0,8A

15%
Jólafsláttur af þessum frábæru hleðslutækjum


SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



2x90x200 cm
með okkar bestu
IQ heilsudýnu
Verð aðeins kr.
349.900

12 mán.
vaxtalauser greiðslur*

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Þú finnur muninn!

Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald



Ný sending

Hlagaða sængverasett

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

VELDU RÉTT!

SantaFe Salat
385 kcal

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

SÝNDU Í HOLLANDI

ÍSLENSK HÖNNUN Nokkrir íslenskir hönnuðir tóku sig saman og sýndu vörur sem þegar eru í framleiðslu á Dutch Design Week í Eindhoven.

Þetta eru allt hönnuðir sem hafa að einhverju leyti náð fótfestu á erlendum markaði,“ útskýrir Halla Björk Kristjánsdóttir, sýningarstjóri ... Love, Reykjavík en hún er nýkomin heim af Hönnunarvikunni í Eindhoven í Hollandi, þar sem hún stýrði sýningu íslensku hönnuðanna þar. ... Love, Reykjavík skipa þær Anna Þórunn Hauksdóttir, Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, Marý og Steinunn Vala Sigfúsdóttir. Þá bættist Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður við nýlega og einnig hönnunarteymið MARYMARIKO.

Halla vill ekki kalla félagið hönnunarhóp, ... Love, Reykjavík eigi meira skylt við farandsýningu. „Það má segja að þetta sé bæði vettvangur og farandsýning. Markmiðið er að sækja inn á ný markaðssvæði erlendis og eiga stefnumót við viðskiptavinum og samstarfsaðila.“

Halla segir íslensku vörurnar hafa fengið góðar viðtökur í Hollandi. Sýninguna sækja fagaðilar innan hönnunarbransans, fjölmiðlar, framleiðendur og söluaðilar um allan heim.

„Sýningin okkar var staðsett miðsvæðis og mikill straumur fólks fór þar um. Hönnunarverslanir hafa haft samband við okkur í kjölfarið og vilja fá vörurnar í sölu og þá erum við einnig



í viðræðum um þátttöku í fleiri hönnunarvikum víða um heim þar sem hönnuðirnir munu einnig flytja fyrirlestra um vinnu sína. Með því að gera þessa hluti í félagi er hægt að nýta tengslanet allra og einfalda fjármögnun. Ég fór ein út í þetta fyrsta skipti en í framtíðinni viljum við að hönnuðirnir fari sjálfir út. Persónuleg tengsl kaupenda við hönnuði eru mikilvæg.“

En hvaðan kemur nafnið?

„... Love, Reykjavík þýðir í raun ástarkveðja frá Reykjavík, eins og kveðja í sendibréfi.“

■ heida@365.is

... LOVE, REYKJAVÍK

Halla Björk Kristjánsdóttir ásamt Steinunni Völu Sigfúsdóttur, Önnu Þórunni Hauksdóttur, Ragnheiði Ösp Sigurðardóttur og Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur en saman mynda þær hönnunarvettvanginn ... Love, Reykjavík.
MYND/GVA

OKKAR BAKARÍ

GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur

Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman, Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.

Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is og á facebook.com/okkarbakari

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 80 70

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

DLUX

D-víatmín munnúði

3 mánaða skammtur

Bragðgóður, öflugur og handhægur

BetterYou®
www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

FÓLK ER KYNNINGARBLÁÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Tarkett viðarparket

Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 4.590 m²

ÁLFABORG
Skútuvoði 6 - Sími 568 6755

2-lock Tarkett

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboji Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Stakkhamrar 1 49,8 m
Opíð hús miðvikud. 21.11. kl. 17:30-18:00

OPÍÐ HÚS

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá

- 4 herb. einbýlishús, 162,3 fm.
- Glæsilegur sólskáli
- Stór gróin lóð m. matjurtagarði
- Einbýli á einni hæð
- Gott aðgengi fyrir fatlaða
- Innangengur 42,4 fm bílskúr

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905



Þetta einbýlishús í Garðabæ er til sölu hjá Fasteignasölu Torgi.

Fallegt einbýli í Garðabæ

FASTEIGNASALAN TORG KYNNIR: Glæsilegt og mikið endurnýjað einbýli, teiknað af Kjartani Sveinssyni með tveimur íbúðum í Garðabæ. Upplýsingar gefur Jóhanna Kristín Tómasdóttir í síma 698 7695 eða jkt@fasttorg.is.

Á aðal hæð eru stórar og glæsilegar stofur, þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi og stórt frístundaherbergi. Minni íbúðin er með stofu og einu svefnherbergi, samtals 58,3 fm. Sérinnangangur. Aðal hæð er 212 fm auk frístundaherbergis, þvottahúss og geymslu. Frístandandi bílskúr er 41,5 fm. Í aðalíbúð er komið inn í rúmgott opíð anddyri sem myndar heildarrými við glæsilegar stofur. Á vinstri hönd er viðbygging sem Vífill Magnússon teiknaði með arni. Beint á móti inngangi er nýppgert flísa-

lagt baðherbergi með rúmgóðum sturtuklefa. Innangengt er úr herbergi til hliðar sem í dag er hjónaherbergi. Á hægri hönd eru stofur og er opíð úr borðstofu og inn í eldhús. Það var algjörlega endurnýjað og teiknað upp af Finni Fróðasyni á nýnda áratugnum og hefur fengið að halda sér í þeirri mynd fyrir utan að uppþvottavél er nýleg. Þá liggja fjórar tröppur upp í opíð herbergi/skrifstofu. Á herbergisgangi eru tvö herbergi og nýppgert baðherbergi. Á gólfum í stofu og herbergjum er nýlegt, fljótandi eikar-plankaparket.

Íbúð í kjallara er tveggja herbergja sem skiptist í forstofu, eldhús, lítið baðherbergi, svefnherbergi og stofu.

Rúmgóður og vel ræktaður garður er við húsið. Húsinu hefur ávallt verið vel við haldið og þakið yfirfarið og lagað árið 2006.

FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA
820 8081

Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is

RE/MAX Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Sóleyjarimi 19, íbúð 101 - 112 Reykjavík

50 ára og eldri

Mjög rúmgóð og falleg 120,3 m², 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð, ásamt bílastæði í bilageymslu í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri við Sóleyjaríma 19 í Grafarvogi. Eignin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 11,8 m² sérgeymsla í sameign. V. 30,9 m.

Miðholt - 270 Mosfellsbær

94,8 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Miðholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu, tvö rúmgóð svefnherbergi og sjónvarpshol sem er auðvelt að breyta í svefnherbergi. V. 20,9 m.

Prastarhöfði 4 - 270 Mosfellsbær

Falleg 91,5 m², 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Prastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ ásamt stæði í bilageymslu. Skemmtileg og smekklega innréttað íbúð með mjög fallegu útsýni. Eignin er nýmálað og laus til afhendingar strax. V. 24,9 m.

Opíð hús þriðjudaginn 20. nóvember frá kl. 17:30 til 18:00.

Laus strax

Laus strax

Rauðás 14- 110 Reykjavík
74,9 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Rauðás 14 í Reykjavík. Eignin er tilbúin til innréttinga og afhendist í því ástandi. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 12,9 m.

Laus strax

Fauskás - Borgarfirði
Vel staðsettur 89,8 fm sumarhúsi, byggður árið 2008 og er staðsettur í landi Fosstátuns í Borgarfjarðarsveit rétt við Grímsá og Blundsvatn. Ægífastur útsýni með Snæfellsjökul í vestri og Baulu í norðri. Eignarland 6.310 fm. V. 14,9 m.

Laus strax

Æsafell 6 - 111 Reykjavík
65,2 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Æsafell 6 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 11,9 m.

Laus strax

Tunguvegur 98 - 108 Reykjavík
130,5 m² raðhús á tveimur hæðum auk kjallara við Tunguveg 98 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 26,9 m.

Laus strax

Nónhæð 4 - 210 Garðabær
Falleg 99,8 m², 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi við Nónhæð 4 í Garðabæ. Mjög fallegt útsýni er frá íbúðinni. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 25,9 m.

Völuteigur 5 - 270 Mosfellsbær

Laus strax

Gott 160,8 m² iðnaðarhúsnæði á einni hæð með millilofti, við Völuteig 5 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar strax. Um er að ræða 124,9 m² iðnaðarhúsnæði með 35,9 m² millilofti, samtals 160,8 m² iðnaðarhúsa-lengju við Völuteig 1-5 í Mosfellsbæ. V. 17,7 m.

Breiðahvarf 5 - 203 Kópavogur

Laus strax

Fokhelt 402,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og hesthúsi/aukaíbúð í byggingu við Breiðahvarf 5 í Kópavogi. Laus til afhendingar strax. Eignin er skráð 402,9 m², þar af einbýli 275,3 m², bílskúr 67,2 m² og hesthús 60,4 m². V. 48,5 m.

Klettagarðar 12 - 104 Reykjavík

Laus strax

Sérlega glæsilegt 6.680 m² verslunar/lager- og iðnaðarhúsnæði á 18.324 m² sjávarlóð við Klettagarða 12 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Húsið er fullbúið og mjög vandad í alla staði að utan sem innan. Malbikuð bílastæði, mjög góð aðkoma og mikið auglýsingagildi. V. 895,0 m.

Þórðarsveigur 15 - 113 Reykjavík

Opíð hús á dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Laus strax

Falleg og björt 91,7 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt bílastæði í bílakjallara við Þórðarsveig 15 í Reykjavík. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, stofu, eldhús og borðstofu. Íbúðinni fylgir 8,1 m² sérgeymsla. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 23,5 m.



SÉRBÝLI



Fagrakinn 28- Hafnarfirði.
OPIÐ HÚS Á MORGUN, FRÁ KL. 17.30-18.00 Gott 115,8 fm. einbýlishús á einni hæð auk 31,5 fm. bílskúrs. Húsið hefur verið mið endurnýjað síðustu fjögur árin s.s. ytra byrði, lagin, aðkoma og garður. Eignin skiptist m.a. í eldhús með nýlegri innréttingu og góðum borðkrók, stofu og borðstofu, hol/sjónvarpsherbergi með útgengi á verönd og þrjú herbergi. Afgirtur garður með tvennum veröndum til suðurs og austurs og hellulagðri aðkomu. **Verð 35,8 millj. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.**



Asparharf- Kópavogi
Afar glæsilegt og vandað 243,1 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 34,6 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað við Elliðavatn. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta. Instabur rafkerfi er í húsinu. Innihurðir eru allar extra háar. Innréttingar eru sérsníðaðar, hvítar og úr bæsaðri eik. Gólfefni eru hvíttaður askur og flisar. Þrjú svefnherbergi. Auðvelt er að innrétta eitt stórt svefnherbergi í viðbót í stað sjónvarpsstofu á neðri hæð. Lóðin er með miklum hellulögðum veröndum. Falleg lýsing utan á húsinu og lóð. **Verð 69,9 millj.**



Mariubaugur.
SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN
Glæsilegt 150 fm. endaraðhús að meðtöldum 30 fm. bílskúr. Eignin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er í eiginni og innfelld lýsing í loftum. 3 rúmgöð herbergi. Björt stofa. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Glæsileg lóð með stórra timburverönd til suðurs og heitum potti. Leik- og grunnskóli í næsta nágrenni. **Verð 47,5 millj.**



Glæsibær
Fallegt 167,2 fm. einbýlishús að meðtöldum 31,2 fm. bílskúr á þessum frábæra stað við Elliðárdalinn. Samliggjandi stofur með arni. Hol með útgangi á verönd til suðurs. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Þrjú herbergi (fjögur á teikningu). Nýlega endurnýjuð gestasnyrtng. Húsið er nýmálað og viðgert að utan. Falleg lóð með um 50 fm. víðaverönd með skjólveggjum auk hellulagðrar verandar aftan við húsið. **Verð 54,9 millj.**



Starhagi.
307,2 gm. Glæsilegt einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð á þessum glæsilega útsýnisstað auk 35,1 fm. bílskúrs. Á aðalháð eru m.a. samliggjandi stofur með föstum innréttingum, borðstofa, sjónvarpsstofa og eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum. Á efri hæð eru 5 herbergi og baðherbergi. Íbúð í kjallara er 3ja herbergja, samþykkt og með fullri lofthæð. Glæsilegt útsýni úr stofum út á sjóinn. Falleg lóð. **Frábær staðsetning.**



Jónsgeisli.
Glæsilegt og vandað 266,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 29,3 fm. innbyggðum bílskúr á fallegum útsýnisstað í Grafarholinu. Eignin er vel staðsett og nýtur mikils útsýnis frá eiginni. Eignin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er víðast hvar í húsinu og innbyggð ljós í loftum. Ræktuð lóð með miklum veröndum. Svalir til norðvesturs út af stofum. **Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 79,0 millj.**

SÉRBÝLI



Hamberg 14. Parhús á tveimur hæðum.
OPIÐ HÚS Í DAG, FRÁ KL. 17.00-17.30 Mikil endurnýjað 128,2 fm. parhús á tveimur hæðum með góðum afgirtum garði í rólegu og barnvænu hverfi í efra Breiðholti. Búið er að endurnýja eldhús og baðherbergi. Þrjú herbergi. Baðherbergi með hornbakari og sturtuklefa. Gólfhiti í allri neðri hæðinni. Garður með góðum veröndum. **Verð 35,3 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**



Hólahjalli -Kópavogi. Einbýlishús á frábærum útsýnisstað
Stórglæsilegt 355,3 fm. einbýlishús að meðtöldum 45,3 fm. tvöföldum bílskúr á frábærum útsýnisstað við opið svæði í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið er allt hið vandaðasta að innan og utan og í mjög góðu ásigkomulagi. Lóðin er glæsileg með miklum veröndum með góðri lýsingu og fallegum gróðri, en þó viðhaldslitill. Mjög mikil lofthæð er í hluta hússins, t.d. allt að 6 metra lofthæð í stofum. Möguleiki á aukaíbúð með sér inngangi á jarðhæð hússins. **Verð 119,0 millj.**



Steinás - Garðabæ.
■ REFF: SESAR VERÐUR AÐ DEYJA (L) 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 20:00 ■ SHADOW DANCER 18:00, 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 17:45 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 22:00 ■ DRÁUMURINN UM VEGGINN 5. HLUTI (L) 20:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KÓNGELIG AFFÆRE) (14) 17:30

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Gæti leikið Tarzan

Alexander Skarsgård er efstur á óskalista leikstjórans Davids Yates til að fara með hlutverk Tarzans í nýrri kvikmynd um konung frumskógarins. Warner Bros framleiðir kvikmyndina og segir í Variety að Samuel L. Jackson sé einnig orðaður við kvikmyndina.

Jackson færir með hlutverk hermans sem berst nú við hlið Tarzans í þeim tilgangi að bjarga Kongó.

Það varð opinbert í byrjun nóvember að Yates mundi leikstýra kvikmyndinni. Yates er þekktastur fyrir að leikstýra fjórum myndum í hinni vinsælu kvikmyndaröð um Harry Potter.



NÝR TARZAN? Alexander Skarsgård gæti farið með hlutverk Tarzans í nýrri kvikmynd. NORDICPHOTOS/GETTY

Útvarpsmaður í fótspor Ladda

Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson spreytir sig á lagi Ladda, Leppalúða, á jólasafnplötnunni Rokk & Jól – Jól í Rokklandi, sem hann er senda frá sér. Laddi söng lagið inn á jólaþlötunni Brunaliðsins árið 1978, Með eld í hjarta, sem hefur einmitt verið endurútfingin.

„Ég er svo heppinn að vera í þeim frábæra félagsskap sem nefnist Fjallabræður og er stærsta rokkhljómsveit Íslands. Mig langaði að hafa Fjallabræður með á þessari þlötun og var með þetta gamla lag eftir meistara Ladda í huga. Svo gafst ekki tími fyrir upptökur með Fjallabræðrum þannig að

ég ákvað að syngja það bara einn,“ segir útvarpsmaðurinn.

Svo skemmtilega vildi til að tveir úr hljómsveit Rustys Anderson, gítarleikara Pauls McCartney, spiluðu undir í laginu, eða trommarinn Karl Pétur Smith og bassaleikarinn Todd O'Keefe. Það kom þannig til að Eðvarð Lárusson, sem aðstoðaði Ólaf Pál við lagið, var að spila með Anderson þegar hann kom í heimsókn til Íslands og plataði rympaþráð hans í hljóðverið.

Rokk & Jól er önnur Rokklandsjólasafnplata Ólafs Páls. Sú fyrri kom út fyrir fjórum árum og er fyrir löngu uppseld.



SYNGUR Á NÝRRI ÞLÖTU Ólafur Páll Gunnarsson spreytir sig á lagi Ladda, Leppalúða, á nýrri þlötun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SKEMMTU SÉR Sjaldgæfar myndir náðust af parinu Mary-Kate Olsen og Olivier Sarkozy á körfuboltaleik á dögnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Saman á leik

Tískumógullinn Mary-Kate Olsen sást á dögnum á körfuboltaleik með kærasta sínum Olivier Sarkozy. Þarið virtist skemmta sér vel á áhorfendapöllum og fór ekki leynt með ást sína.

Olsen er þekkt fyrir að forðast myndavélar eins og heitan eldinn en ekki hafa margar myndir náðst af parinu saman hingað til. Olsen og Sarkozy staðfestu samband sitt síðastliðið vor. Sarkozy er hálfbróðir fyrrum forseta Frakklands, Nicholas Sarkozy, og 17 ár skilja þarið að.



NICOLE KIDMAN Leikkonan rauðhærða átti erfitt eftir skilnaðinn við Tom Cruise. NORDICPHOTOS/GETTY

Gerði allt fyrir Tom

Nicole Kidman óttaðist að hún gæti ekki orðið ástfangin aftur eftir skilnað þeirra Tom Cruise. „Ég varð yfir mig ástfangin af Tom. Ég hefði gengið jörðina á enda fyrir hann. Við urðum mjög háð hvort öðru,“ sagði leikkonan um sambandið. Eftir skilnaðinn óttaðist hún að finna ekki ástina aftur. „Ég áttaði mig á því að ég vildi ekki vera ein. Ég vildi verða ástfangin aftur, en var ekki viss um að ég gæti orðið það.“

JÓLAKÍLÓ–NEI TAKK!

Hið geysivinsæla 4-vikna námskeið fyrir þær sem vilja fyrirbyggja hin árlegu „jólakíló“. Á þessu námskeiði kemurðu þér í flott form fyrir jólin og lærir að njóta þess að borða góðan mat án þess að sitja uppi með aukakíló og vanlíðan.

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérstakt mataræði, sykurlöngun minnkar og þú losnar við aukakílóin
- Sérhannað brennsluæfingakerfi sem hámarkar fitubruna
- Mælingar, vigtn, fitu- og ummálmælingar - fyrir og eftir
- Fræðsla, fróðleikur og uppskriftir 3x í viku frá Ágústu Johnson
- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að opnum tímum og tækjasal
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa
- Þær sem ná bestum árangri fá flotta jólagjöf

ATH! Allir námskeiðspáttakendur fá 15% afslátt af snyrti- og spameðferðum í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Pasabahçe Glös Monte Carlo

Nýtt hjá RV!

440110 Glös Monte Carlo 19,5cl vínglas
440090 Glös Monte Carlo 26cl vínglas
440091 Glös Monte Carlo 32,5cl vínglas

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

1982 - Rekstrarvörur - 2012
30 ára vinna með þér



VÍGREIFUR Guðmundur Þórður Guðmundsson hefur stýrt Ljónunum sínum með glæsibrag í vetur og liðið er til alls líklegt þó svo miklar breytingar séu á liðinu milli ára. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Konungur Ljónanna

Ljónin hans Guðmundar Guðmundssonar hafa byrjað leiktíðina með miklum látum og eru búnir að vinna fyrstu tólf leiki sína í þýsku úrvalsdeildinni. Liðið er mikið breytt milli ára og Guðmundur segist hafa valið sigurvegara í sitt nýja lið.

HANDBOLTI Miklar breytingar urðu á liði Guðmundar Guðmundssonar, Rhein-Neckar Löwen, í sumar. Átta nýir leikmenn komu í herbúðir félagsins og hann varð þess utan að skera niður launakostnað um 325 milljónir króna hjá félaginu. Guðmundur missti svo af stórum hluta undirbúningstímabilsins út af Ólympíuleikunum.

Þrátt fyrir allt þetta eru Ljónin á toppi þýsku úrvalsdeildarinnar, bestu deild heims, með fullt hús eftir tólf leiki. Byrjun sem enginn átti von á.

„Þetta er búið að ganga ótrúlega vel þrátt fyrir erfitt prógramm í síðustu leikjum. Fyrir okkur var mikilvægt að klára erfiða útileiki gegn Hamburg og í Gummersbach. Svo lögðum við Flensburg og Berlín um helgina. Við fengum með því staðfestingu á því hvað við getum,“ sagði Guðmundur en hans lið sýndi mikinn styrk undir lokin gegn Berlín um helgina.

„Það reiknaði enginn með þessari byrjun. Hvorki við sjálfir né einhverjir aðrir. Við erum með átta nýja leikmenn og í raun nýtt lið. Það getur tekið langan tíma að berja þetta saman en það hefur gengið mjög vel.“

Eins og áður segir er Guðmundur ekki bara með nýtt lið heldur missti hann af undirbúningi vegna Ólympíuleikanna. Það hefur ekkert truflað mikið?

„Ég fór ákveðna leið í þessu. Við vorum ekki með of flókið leikskipulag og vorum því hnitmiðaðir í því sem við vorum að spila. Þetta var

sérstaklega erfitt í byrjun þegar liðin reyndu að koma okkur úr jafnvægi þar sem við vorum nýtt lið. Ég notaði líka ekki marga leikmenn til að byrja með. Ég gat ekki leyft mér það. Nú er ég hægt og sígandi að nota breiddina meira og það mun styrkja liðið. Við verðum því vonandi betri eftir því sem á líður. Ég tel okkur eiga helling inni,“ sagði Guðmundur en hver er lykillinn að þessu góða gengi?

„Við ákváðum að fara sérstaka leið í uppbyggingu á þessu liði. Við ákváðum að velja sigurvegara í liðið. Við skoðuðum vel bakgrunn þeirra leikmanna sem við fengum og hvernig karakterar þeir væru. Svo var ákveðið að fara ekki beint í stóru stjórnurnar þó svo við værum að fá frábæra leikmenn,“ sagði Guðmundur.

Uppbygging þessa liðs hófst árið 2010 er félagið samdi við Alexander Petersson en hann kom svo í sumar. Það gerðu líka danski markvörðurinn Niklas Landin og sænska skyttan Kim Ekdahl du Rietz.

„Þetta eru stjórnur en samt hörkuduglegir og ósérhlífir strákar. Lexi og Kim geta spilað vörn og sókn. Það var ekki auðvelt þegar það þurfti að skera niður launakostnað um 325 milljónir króna og við urðum að vera skynsamir í okkar kaupum,“ sagði Guðmundur en fjölmargir dýrir leikmenn eru horfnir á braut fyrir nýju mennina.

Þann 28. nóvember er stóra prófið fyrir Löwen er Alfreð Gíslason mætir með meistara-liði Kiel í heimsókn. henry@frettabladid.is

Draumaliðið klárt ?

„Við erum auðvitað alltaf með opin augun en munum samt ekki fara í miklar breytingar á þessu liði. Það verða í mesta lagi ein til tvær fyrir næsta tímabil. Við erum líka með ungt lið enda meðalaldurinn 25 ár. Þetta lið er líka vel samsett úr góðum og sterkum karakterum,“ segir Guðmundur en hver eru markmið félagsins?

„Við ákváðum að skrúfa niður slíkt tal og tjá okkur ekki út á við með þá hluti. Í gegnum tíðina hafa menn hjá þessu félagi talað mikið um hvað þeir ætla að gera fyrirfram en sú tíð er liðin. Nú er bara farið í hvern leik og allt gefið,“ segir þjálfarinn með báða fætur á jörðinni.

→ Leikir Löwen

Göppingen - RNL	25-30
Melsungen - RNL	23-26
RNL - Lübbecke	24-19
Grosswallstadt - RNL	24-30
RNL - Wetzlar	31-29
Hamburg - RNL	23-30
RNL - Lemgo	31-26
RNL - Flensburg	30-27
Hannover - RNL	26-32
RNL - Magdeburg	30-22
Gummersbach - RNL	28-30
RNL - Füchse Berlin	25-23



FLEX
the original

Gíraffar

FLEX Gíraffar - slípivélar fyrir gífs og stein

Giraffe® - hinn eini sanni gíraffi frá FLEX - er til í ótal útfærslum. Við eigum Gíraffann handa þér.

FLEX Gíraffar - fyrir steinslípun

Þægilegur Gíraffi fyrir 125 mm demantsbolla. Lengjanlegt skaft. Hægt að setja á hjólavagn.

FLEX ryksugur

lðnaðarryksugurnar frá FLEX eru með miklu sögi og sérstaklega hentugar fyrir Gíraffana. Fást með og án bankara.

FLEX þjónusta

Mikið úrval af sandpappír og demantsbollum fyrirleggjandi. Öll viðgerða- og varahlutabjónusta.

FLEX umboðið á Íslandi

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

REYKJAVÍK: Krókháls 16 | AKUREYRI: Lönsbakka | sími 568-1500 | www.thor.is

Alexander er sigurvegari

Guðmundur segir Alexander vera einn þann besta í deildinni.

HANDBOLTI Landsliðsmaðurinn Alexander Petersson hefur verið í algjöru lykilhlutverki hjá Rhein-Neckar Löwen í vetur. Hann á stóran þátt í frábæru gengi liðsins á þessari leiktíð.

Hann er í sjötta sæti yfir markahæstu leikmenn deildarinnar og ef við drögum mark af vítalínunni frá er Alexander markahæstur ásamt Filip Jicha og Hans Lindberg. Þess utan stelar Alexander fjölda bolta í hverjum leik og stendur vörnina eins og höfðingi.

„Hann er búinn að vera frábær frá byrjun. Hann smellur vel inn í leikstíl liðsins á báðum endum vallarins. Varnarleikurinn okkar er svipaður og hjá íslenska landsliðinu og svo þekkir hann leikaðferðirnar í sókninni líka vel. Svo er hann frábær karakter og sigurvegari,“ sagði Guðmundur um lærisvein sinn sem skorar 5,3 mörk að

meðaltali í leik í vetur.

„Hann smitar líka út frá sér með baráttuanda sínum og vilja. Hann hefur mjög góð áhrif á allan hópinn. Hann er líka farinn að gefa meira af stoðsendingum en áður.“

Frammistaða Alexanders í vetur hefur verið slík að menn eru farnir að tala um hann sem besta leikmann deildarinnar. Það er líklega enginn annar leikmaður sem skilar álika framlagi og hann á vellinum.

„Það er erfitt að meta það alltaf. Hann er samt einn af þeim betri. Það eru margir frábærir hjá Kiel og Íslendingarnir þar í flokki. Hér er rjóminn af bestu leikmönnum og Alexander er einn af þeim betri.“



MAGNADUR
Alexander hefur farið á kostum í fyrstu leikjum vetrarins.

- hbg



SHIFT_

NISSAN
QASHQAI

Samkvæmt samantekt umferðarstofu er Qashqai mest keypti jeplingurinn á Íslandi frá janúar til september 2012

Verð frá 4.990 þús. kr.

QASHQAI DÍSIL

4,6 l / 100 km



f /nissanvinir

ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jepling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Nissan Qashqai dísil eyðir einungis frá **4,6l/100km.**

www.nissan.is

Verð frá 4.990 þús. kr.

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17" álfelgur og margt fleira



Tímabilið er búið hjá Arnóri

Arnór Atlason í Flensburg verður ekki með Íslandi á HM eftir að hafa slitið hásin.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið og þýska liðið Flensburg urðu fyrir miklu áfalli í gær þegar Arnór Atlason meiddist illa í leik með Flensburg gegn Hamburg í Meistaradeild Evrópu.

Arnór sleit þá hásin í fyrri hálfleik. Hann stökk upp í hraðaupphlaupi og meiddist er hann lenti. Gríðarlegt áfall fyrir leikmanninn sem hefur verið í lykilhlutverki hjá íslenska landsliðinu undanfarin ár.

Arnór verður væntanlega frá í sex til átta mánuði og spilar því ekki meira á þessari leiktíð.

„Þetta er áfall fyrir okkur í landsliðinu. Arnór hefur verið að spila vel með Flensburg í vetur og það er mikill missir að manni eins og Arnóri. Við eigum eftir að sakna hans á HM í janúar,“ sagði Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari.

„Það er sjónarsviptir að Arnóri og það verður ekki auðvelt að fylla hans skarð. Nú þurfa aðrir menn að stíga upp og leysa þessa stöð,“ sagði Aron sem missti af því er Arnór meiddist.

„Ég kom seint inn í leikinn og

sá að Arnór var ekki með. Óttadist strax að hann væri meiddur og fékk það svo staðfest. Þá bölvaði ég. Þetta var smá gusa í andlitið og ég finn til með Arnóri sem hefur verið að spila frábærliga fyrir Flensburg í vetur. Vonandi kemur hann fljótt til baka og sterkari sem fyrr.“

Arnór hefur væntanlega leikið sinn síðasta leik fyrir Flensburg því hann gengur í raðir franska félagsins St. Raphael næsta sumar og hafði samið við félagið til þriggja ára.

-hbg



ÁFALL Arnór hafði verið að spila mjög vel í vetur og eru meiddslin því mikið áfall fyrir hann.

NORDICPHOTOS/BONGARTS

BYLGJAN
989

Á sama tíma að ári

Miðasala í fullum gangi!
Tryggðu þér miða!

Sýnt í Borgarleikhúsinu í október, nóvember og desember.
Sýningar í Hofi á Akureyri í nóvember.

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

BESTA UPPLIFUNIN Á MÍNUM FERLI

Guðjón Baldvinsson, Kristinn Steindórsson og félagar í Halmstad tryggðu sér á ný sæti í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu á laugardaginn. Frábær endir á besta tímabili Guðjóns sem fékk fá tækifæri sem liðsmaður GAIS fyrir þremur árum.

FÓTBOLTI „Þetta var ótrúlega sætt og það besta sem ég upplifað á mínum ferli,“ sagði Guðjón Baldvinsson í samtali við Fréttablaðið í gær. Halmstad hafnaði í þriðja sæti b-deildarinnar og mætti því Sundsvall, sem hafnaði í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildarinnar, í tveimur leikjum. Eftir 3-0 sigur í heimaleiknum stóðu Guðjón og félagar vel að vígi fyrir síðari leikinn á laugardaginn.

„Það fór svolitill hrollur um mann þegar þeir skoruðu fyrsta markið og voru fram að því búnir að vaða í færum. Þetta varð miklu þægilegra eftir að við jöfnuðum í 1-1 því þá þurftu þeir að skora fimm mörk,“ segir Guðjón sem skoraði eitt mark líkt og Kristinn Steindórsson. Jón Guðni Fjóluson var í liði Sundsvall líkt og Ari Freyr Skúlason sem skoraði eitt marka Sundsvall sem vann 4-3 sigur.

Gæti ekki verið betra

Guðjón skoraði 16 mörk í 30 leikjum og var á meðal markahæstu manna í deildinni. Hann komst með slálaus í gegnum langt tímabil og segist ekki geta verið sáttari við stöðu mála. Sérstaklega í ljósi verunnar hjá GAIS árið 2009 sem var enginn dans á rósum.

„Árið hjá Halmstad og tíminn hjá GAIS eru eins og svart og hvítt,“ segir Guðjón sem aðeins kom við sögu í fimm leikjum með sænska liðinu. Ljóst var að þjálfari liðsins hefði enga trú á Garðbæingnum.

„Ég vissi auðvitað alltaf að sá þjálfari hafði rangt fyrir sér. Ég beið spenntur eftir að sýna að hann hafði rangt fyrir sér. Ég var staðráðinn að gera það í sumar og það gekk. Á næsta ári verður GAIS í



FAGNAD Í KLEFANUM Kristinn og Guðjón (til hægri) eru lykilmenn Halmstad.

MYND/ADSEND

b-deildinni og ég í úrvalsdeildinni. Þetta gæti ekki verið betra,“ segir Guðjón og hlær.

Parf að styrkja hópinn

Guðjón segir Halmstad þurfa að auka breiddina í leikmannahópnum fyrir árið í úrvalsdeildinni.

„Ég veit að það verður gert. Ef við spilum áfram sem lið höldum

við áfram að bæta okkur. Þetta lítur vel út,“ segir Guðjón sem segist hafa grætt mikið á að spila í sænsku b-deildinni.

„Ég held að það sé mjög gott fyrir íslenska leikmenn að byrja í b-deildinni, skapa sér nafn og fá sjálfstraust. Eftir á er það ómetanlegt og á eftir að hjálpa okkur Kristni á næsta ári.“

kolbeintumi@365.is

Hamilton bestur í Bandaríkjunum

Allt opið í keppni ökuþóra um titilinn sem ræðst í Brasilíu í lokakeppninni.

FORMÚLA 1 Bretinn Lewis Hamilton á McLaren bar sigur úr bytúm í bandaríska kappakstrinum í gær. Sebastian Vettel á Red Bull varð annar og Fernando Alonso á Ferrari þriðji. Félagi hans hjá Ferrari, Felipe Massa, tók fjórða sætið.

Hamilton, sem ræsti annar, háði harða baráttu við Vettel um sigurinn allan daginn og hafði betur eftir æsilega og stórskemmtilega keppni.

Þetta var fjórði sigur Hamilton á tímabilinu og sá 21. á hans ferli. Annað sætið hjá Vettel tryggði Red Bull-liðinu sigur hjá bílasmiðum á þessu tímabili. Hann er líka efstur í keppni ökuþóra með 273 stig.

Fernando Alonso er annar með 260 stig, Kimi Räikkönen er kominn með 206 stig og Hamilton komst upp í 190 stig með sigrinum í gær.

Vettel hefði getað tryggt sér heimsmeistaratitilinn í þessari keppni en þar sem hann gerði það ekki stefnir í æsispennandi loka-keppni í Brasilíu.

„Þetta var ótrúleg keppni. Við erum eðlilega ánægðir með liðs-titilinn en ég verð að reyna að klára mitt dæmi í Brasilíu. Þetta var flott keppni. Ég reyndi að ná Lewis. Það munaði litlu en þetta var skemmtilegt,“ sagði Vettel eftir keppnina.

Hamilton var að vonum hæst-ánægður með sigurinn enda brosti hann breitt.

„Ég er gríðarlega ánægður. Þetta var ein besta ef ekki besta keppni ársins. Þetta var sérstakur sigur fyrir mig og ég er stoltur af liðinu okkar. Við stóðum okkur rosalega vel um helgina. Stuðningsmennirnir voru líka frábærir og ég vil



KÁTUR Hamilton fagnaði vel og innilega eftir sigurinn.

NORDICPHOTOS/GETTY

þakka kærlega fyrir allan stuðninginn sem við fengum hérna. Þetta var glæsilegt.“

-hbg

SPORT HD

MEISTARADEILDIN

HVERJIR KOMAST ÁFRAM?

Á MORGUN KL. 19.30

SPORT HD

JUVENTUS - CHELSEA

SPORT 3

GALATASARAY - MAN. UTD.

SPORT 4

VALENCIA - B. MUNCHEN

SPORT HD KL. 16.55

SPARTAK MOSKVA - BARCELONA

MIDVIKUDAG KL. 19.30

SPORT HD

MAN. CITY - REAL MADRID

SPORT 3

ARSENAL - MONTPELLIER

SPORT 4

AJAX - B. DORTMUND

SPORT HD KL. 16.55

ZENIT ST. PETERSBURG - MALAGA



ÞORSTEINN J. OG GESTIR
UPPHITUN FYRIR LEIKINA HEFST KL. 19.00
OG MEISTARAMÖRKIN STRAX AÐ LOKNUM LEIKJUNUM

FÁÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EDA Á STOD2.IS



EVROPUDEILDIN

TOPPLEIKIR Á FIMMTUDAG

SPORT HD KL. 16.55

LIVERPOOL - YOUNG BOYS

SPORT HD KL. 20.00

LAZIO - TOTTENHAM





Stöð 2 kl. 21.40

The Newsroom

Það verður mikil dramatík í The Newsroom á Stöð 2 í kvöld. Starfsfólkið á fréttastofunni er að skemmta sér þegar Charlie fær nafnlausu ábendingu um að forseti Bandaríkjanna sé að koma fram með mikilvæga tilkynningu.


Í KVÖLD



Fairly Legal

STÖÐ 2 kl. 20.50 Kate Reed hætti störfum á lögræðistofu föður síns þegar hann dó. Hún einbeitir sér nú alfarið að hugleiðslu og hefur einstaka hæfileika til að leysa deilumál. Það er að segja annarra manna deilumál.

59/100 7,2



The Special Relationship

STÖÐ 2 Bíó kl. 20.25 Sannsóðuleg mynd um samband þeirra Tony Blair, fyrrum forsætisráðherra Bretlands og Bills Clinton, fyrrum forseta Bandaríkjanna sem var afar sérstakt meðan þeir sátu í embætti. Michael Sheen fer með hlutverk Blair og Dennis Quaid með hlutverk Clinton.

67% 6,7



Parks & Recreation

SKJÁR 1 kl. 20.15 Amy Poehler er í hlutverki Leslie Knope í þessum þáttum. Leslie er starfsmaður á bæjarskrifstofunni í smábænum Pawnee í Indiana-ríki. Hún og samstarfsmenn hennar reyna sitt allra besta til að gera smábæinn sinn að betri stað.

59/100 8,5

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregni 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnudót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Gestakomur í Sauðlauksdal 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjórnar 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá 18.00 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Samfélagið 22.30 Albúmið: Post - Björk 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 15.30 Silfur Egils (e)
- 16.50 Landinn (e)
- 17.20 Sveitasæla
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.38 Töfranhötturinn
- 17.50 Óskabarnið
- 18.15 Táknálmáttur
- 18.25 Völundur - nýsköpun í iðnaði (1:5) (Höfum við roð í aðra?) Fimm forvitnilegir og fjölbreyttir fræðsluþættir um nýsköpun og þróun starfa í íslenskum iðnaði. Leitað er fanga hjá sextán fyrirtækjum í afar ólíkum iðngreinum, allt frá kaffi og ullariðnaði til tölvu- og véltæknigreina.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfretilir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Varasamir vegir - Nepal (2:3) (Dangerous Roads) Heimildamyndaflokkur frá BBC þar sem breskt fræðarfólk ekur háskalegustu vegi heims. Í þessum þætti þræða grínarnarnir Rhod Gilbert og Greg Davies fjallveg í Nepal.
- 21.05 Dans dans dans - Sigurdansar
- 21.15 Castle (33:34) (Castle) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglu þegar morðingi hermír eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
- 22.00 Túfréttir
- 22.15 Veðurfretilir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er sýnt úr leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
- 23.05 Stundin (5:6) (The Hour) (e)
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.30 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlök

BÍÓ

- 11.05 Ramona and Beezus
- 12.50 Pétur og kötturinn Brandur 2
- 14.10 Noise
- 15.45 Ramona and Beezus
- 17.30 Pétur og kötturinn Brandur 2
- 18.50 Noise
- 20.25 The Special Relationship
- 22.00 Precious
- 23.55 The Feast of the Goat
- 02.10 The Special Relationship
- 03.45 Precious

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle (15:22)
- 08.30 Ellen (44:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (25:175)
- 10.15 Wipeout USA (8:18)
- 11.00 Drop Dead Diva (5:13)
- 11.45 Falcon Crest (17:29)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (12:39) (13:39)
- 15.20 ET Weekend
- 16.05 Ozzy & Drix
- 16.25 Villingarnir
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (45:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (13:17)
- 19.40 Modern Family (11:24)
- 20.05 Glee (4:22) Fjórdi þáttaröðin um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í söurnar til að gera flottar sýningar. Tónlistin er alltaf í forgrunni auk þess sem við fylgjumst með hinum ólíku nemendum vaxa og þroskast í sönglistinni.
- 20.50 Fairly Legal (12:13)
- 21.40 The Newsroom (7:10)
- 22.35 Man vs. Wild (1:15) Ævintýralegir þættir frá Discovery með þáttastjórnandanum Bear Grylls sem heimsækir ólíka staði víðsvegar um heiminn, meðal annars Andes-fjöllin, Sahara, Síberíu, Hawai, Skotland og Mexíkó að ögleymsu Íslandi. Þegar hann lendir í vandræðum þá reynir á útsjónarsemi hans og færni til að komast aftur til byggða.
- 23.20 Modern Family (23:24)
- 23.45 Anger Management (8:10)
- 00.10 Chuck (5:13)
- 00.55 Burn Notice (3:18)
- 01.40 Medium (8:13)
- 02.25 Who the #\$%& is Jackson Pollock
- 03.45 Drop Dead Diva (5:13)
- 04.30 The Newsroom (7:10)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 17.55 Hamburg - Flensburg Meistardeild Evrópu í handbolta.
- 19.20 Spænski boltinn: Barcelona - Zaragoza
- 21.00 Spænsku mörkin.
- 21.30 Meistaradeildin í handbolta: markaðttur Skemmtilegur þáttur með samantekt frá síðustu leikjum í Meistardeild Evrópu í handbolta.
- 22.00 Meistaradeild Evrópu - fréttar þáttur
- 22.30 Spænski boltinn: Real Madrid - Ath. Bilbao
- 00.10 Being Liverpool

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Fulham - Sunderland
- 14.15 WBA - Chelsea
- 15.55 Norwich - Man. Utd.
- 17.35 Sundagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufir til mergjar.
- 18.50 Premier League Review Show 2012/13
- 19.45 West Ham - Stoke BEINT
- 22.00 Premier League Review Show 2012/13
- 23.00 Football League Show 2012/13
- 23.30 West Ham - Stoke

Krakkar

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
- 08.00 Dóra könnuður
- 08.25 Búbbarnir (3:21)
- 08.50 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.10 Stubbarnir
- 09.35 Strumparnir
- 09.55 Brunabíflarnir
- 10.15 Mörgæsirnir frá Madagaskar
- 10.40 Ævintýri Tinna
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 17.00 Villingarnir
- 17.25 Xiaolin Showdown
- 17.50 iCarly (43:45)

POP TÍM

- 17.05 The Simpsons (8:22) Herra Burns ákveður að kaupa sér nýja glæsikerru af gerðinni Lamborgotti Fasterossa. Hómer Simpson fær það verkefni að sækja bílinn til Ítalíu og tekur fjölskylduna með sér. Þar lendir hún að sjálfstöðu í miklum hremmingum og klessukeyrir nýja bílinn í árekstri við ostaflutningabíl.
- 17.30 ET Weekend
- 18.15 Gossip Girl (2:18) Þótt dramatík-in sé ótæpileg þá snúast áhyggjur ungu og fordekrudu krakkana á Manhattan fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.
- 19.00 Friends (10:24)
- 19.50 How I Met Your Mother (15:22) Ted á í miklum vandræðum með að komast í viðtal vegna draumstarfsins og skilur ekki af hverju allt fer úrskeiðis hjá honum. Getur verið að þetta sé tákn?
- 20.10 The Cougar (7:8) Raunveruleikaþáttur frá þeim sömu og gerðu The Bachelor en hér er um að ræða þroskaða konu sem verður umkringd ungu mönnum sem þurfa að keppa um athygli hennar með ýmsum hætti.
- 20.55 Hart of Dixie (11:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
- 21.35 Privileged (14:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma.
- 22.20 The Cougar (7:8)
- 23.05 Hart of Dixie (11:22)
- 23.45 Privileged (14:18)
- 00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dr. Phil (e)
- 09.35 Pepsi MAX tónlist
- 15.50 Parenthood (14:22) (e)
- 16.35 Minute To Win It (e)
- 17.20 Rachael Ray
- 18.05 Dr. Phil
- 18.45 My Generation (5:13) (e)
- 19.25 America's Funniest Home Videos (57:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
- 19.50 Will & Grace (4:24) (e)
- 20.15 Parks & Recreation (4:22)
- 20.40 Kitchen Nightmares (6:17) Matreiðslumaðurinn ilgjarni Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við. Ramsey heimsækir hamborgara-stað sem hann aðstoðaði við að rétta af fyrir margt löngu.
- 21.30 Sönn íslensk sakamáli (5:8) Ný þáttaröð af einum vinsælustu en jafnframt umtöluðustu þáttum síðasta áratugar. Í þættinum verður fjallað um mansal og mál ungrar konu sem kom hingað til lands fyrir tilverknað þriðja aðila og var seld í vændi.
- 22.00 CSI: New York (14:18) Fulltrúar CSI uppgötva gamalt leyndarmál á rannsóknarstofu sem hjálpar þeim að leysa úr morðmáli.
- 22.50 CSI (6:23) Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og félagar.
- 23.30 Law & Order: Special Victims Unit (14:24) (e)
- 00.15 Secret Diary of a Call Girl (5:8) (e)
- 00.40 The Bachelor (1:12) (e)
- 02.10 Parks & Recreation (4:22) (e)
- 02.35 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America 07.25 World Golf Championship 2012 (2:4) 12.25 US Open 2012 (1:4) 18.00 Golfing World 18.50 US Open 2012 (2:4) 23.10 Golfing World 00.00 ESPN America

INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistanna

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

Þegar þú vilt Dorma!

Svart leður

kr. 179.900,-

★★★★★

Tveggja sæta

Sjónvarpssófi SKAGEN

Br: 217 D: 79 H: 106 cm.

Áklæði

kr. 149.900,-

★★★★★

Tveggja sæta

Sjónvarpssófi SKAGEN

Pöntunarsími 512 6800
www.dorma.is • dorma@dorma.is

DORMA

Holtagörðum
OPIÐ Virka daga frá kl. 10-18, Lau frá kl. 11-17 og sun frá kl. 13-16

ALLAR
PIZZUR AF MATSEÐLI
1.390 KR
Ef þú sækir, vikuna 19.-25. nóvember 2012



MEGAVIKA



www.dominos.is



sími 58 12345



domino's app

Mánudagurinn 19. nóv.

Með fyrstu 1.000 pöntunum fylgja bíómiðar eða varningur tengdur stórmyndinni Killing them softly.

Þriðjudagurinn 20. nóv.

Ilmandi nýbakað kanilgott með glassúr fylgir **frítt** með fyrstu 750 pöntunum dagsins.

Miðvikudagurinn 21. nóv.

Flaska af 2L Coke fylgir **frítt** með fyrstu 750 pöntunum dagsins.





MÁNUDAGSLAGIÐ

„Undanfarið er Mumford and Sons í algjöru uppáhaldi hjá mér og til að draga mig upp úr mánudagsmæðunni væri það nýjasta lagið þeirra I Will Wait. Mér finnst það geðveikt og fyllist eldmóð og þrótti þegar ég hlusta á það.“

Hreimur Örn Heimisson, söngvari.

Undirbúa stóra kvikmynd um Afann

Sigurður Sigurjónsson endurtekur hlutverk sitt úr einleiknum vinsæla. Kvikmyndin verður stór og mikil.

„Ég mun fá að leika afann minn áfram í þessari mynd. Ég kann bæði rulluna og svo er ég reyndar alla daga þess á milli að æfa mig heima fyrir. Ég er sjálfur afi, á þrjú barnabörn, þannig að ég er í stöðugum æfingabúðum,“ segir Sigurður Sigurjónsson.

Hann leikur í nýrri kvikmynd um Afann sem er í bígerð. Höfundur leiksýningarinnar vinsælu, Bjarni Haukur Þórsson, er búinn að skrifa handritið í samstarfi við Ólaf Egilsson. „Ég lék afann í leikhúsinu tæpar eitt hundrad sýningar og þetta hlutverk fer mjög nærri mér og mínu lífi. En þarna erum við að tala um allt annan hlut. Þetta er ekki

einleikur heldur er verið að blása í stóra og mikla bíómynd sem, þó að ég segi frá, kemur fólki við,“ segir hann. „Einleikurinn er kominn í tösku í bili en hann kemur út á DVD-diski um jólin. Fólk getur rifjað hann upp þar en við erum að gera allt aðra hluti í þessari bíómynd.“

Ekki hefur verið ákveðið hvenær tókur á myndinni hefjast eða hverjir leika á mótí Sigurjóni í myndinni.

Einleikurinn Afann hefur verið sýndur í Þýskalandi við góðar undirtektir að undanfögnu. Þar hefur þýski grínistinn Karl Dall túlkað persónuna. Yfir tólf þúsund manns hafa séð Afann hér á landi.



AFINN Í BÍÓ Afinn er væntanlegur í íslensk kvikmyndahús.

www.jolagestir.is

Góa og Fjarðarkaup kynna með stolti

Jólagestir

Björgvins 2012

Miðasala á Miði.is og í síma 540 9800

Miðasala á aukatónleika í fullum gangi!



SIGRAÐI Leifur Eiríksson sigraði í tveimur flokkum í „street“ danskeppni sem fram fór á laugardag.

MYND/EINAR INGI SIGMUNDSSON

Sigraði í tveimur dansflokkum

Leifur Eiríksson tók þátt í fyrsta „street“ danseinvíginu á Íslandi.

Leifur Eiríksson sigraði í tveimur dansflokkum í fyrsta „street“ danseinvíginu sem haldið hefur verið á Íslandi. Danskeppnin fór fram á laugardaginn fyrir viku og sigraði Leifur bæði í toprock og break-dansi.

„Toprock er í raun standandi hluti break-dansins, allt sem dansarar gera áður en þeir fara í gólfið. Toprock gefur dönsurum færi á að sýna stílinn sinn án þess að þurfa að bæta fimleikum við dansinn. Þetta eru fyrstu break-danssporin og mun eldra en allir fimleikarnir,“ útskýrir Leifur sem hefur æft break-dans frá árinu 2000 og var lengi meðlimur í danshópnum Fifth Element. Hann kveðst ekki hafa æft mikið fyrir keppnina og varði æfingátímanum í að dusta rykið af gömlum danssporum.

„Ég tók nokkrar æfingar fyrir keppnina og fór yfir mína helstu styrkleika. Upphaflega ætlaði ég að keppa með hóp en einn úr hópnum slasaði sig tveimur dögum

Sýnir stíl break-dansara

Toprock eru spor sem break-dansarar gera áður en þeir fara í spor sem nefnast downrock og eru líkari fimleikaæfingum. Í toprock fær dansarinn tækifæri til að þróa og sýna sinn sérstaka dansstíl. Break-dansarar verja miklum tíma í að þróa toprock stíl sinn. Toprock má kalla undanfara break-dansins og þróadist dansinn út frá ólíkum dansstefnum á borð við salsa, lindy hop og afró. Á myndinni sést Leifur keppa í break-dansi.



fyrir keppni þannig að við urðum að hætta við þau áform.“

Keppendur í break-dansi voru alls sextán og að sögn Leifs voru þeir allir mjög færir dansarar. Það stóð því tæpt á munum milli hans og annarra í þeim flokki en hann sigraði nokkuð örugglega í toprock.

„Það var mjótt á munum í breakinu. Þetta var rosaleg keyrsla og maður fékk bara um tvær mínútur í hvíld á milli dansa. Ég var gjör-

samlega búinn á því í síðustu lotu og sigraði eiginlega á viljastyrkunum einum saman,“ segir hann.

Leifur starfar sem tónlistarmaður samhliða því sem hann leggur stund á dansinn. Hann hefur hug á að færa sig í auknum mæli yfir í dansinn aftur en segir það ekki framtíðarstarf. „Það er ekki hægt að hafa í sig og á með break-dansi en það er góð líkamsrækt og ágæt aukatekjur,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

Leikstýrir draugasögu Óttars

Marteinn Þórsson gerir kvikmynd eftir bók Óttars M. Norðfjörð, Unu.

Íslenska framleiðslufyrirtækið Tenderlee hefur náð samkomulagi við Sögur útgáfu og rithöfundinn Óttar M. Norðfjörð um gerð kvikmyndar upp úr nýjustu skáldsögu hans, Unu, sem er að koma út.

„Það er mjög gaman að fá að vinna með Óttari. Þetta er góð saga og mig hefur lengi langað að gera draugamynd,“ segir leikstjórinn Marteinn Þórsson hjá Tenderlee.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að þrjú íslensk framleiðslufyrirtæki væru að íhuga að kaupa kvikmyndaréttinn á Unu.

Óttar mun skrifa handritið að mestu sjálfur. „Það eru ákveðnar breytingar sem mig langar að gera. Það er eitthvað sem við gerum í sameiningu en hann langar að skrifa handritið. Ég hef lesið handrit eftir hann og hann kann þetta alveg,“ segir Marteinn.

Hann er spenntur fyrir því að leikstýra mynd með konu í aðalhlutverki. Aðspurður um hlutverkaval segir hann ólíklegt að Ólafur Darri

Ólafsson leiki hjá honum enn og aftur. Hann lék aðalhlutverkið í mynd hans Rokland og í XL. „Ólafur Darri er mjög góður í að koma sér í myndirnar mínar en ég held að það takist ekki í þetta sinn. Þetta er kona sem ég er að leita að í aðalhlutverki.“

Óttar hefur áður selt kvikmyndaréttinn að skáldsögu eftir sig, því fyrirtækið Zik Zak keypti réttinn að fyrstu glæpasögu hans, Hnfi Abrahams, fyrir fimm árum. Eins og oft gerist með slíkan kvikmyndarétt hefur hann ekki verið nýttur því framleiðsla á myndinni er ekki enn hafin.

- fb

LEIKSTÝRIR UNU Marteinn Þórsson leikstýrir mynd sem verður byggð á draugasögunni Unu.





Herbert fallinn

„Ég er búinn að vera algjör reglumaður hátt á sjötta ár, hvorki reyki né drekk,“ segir Herbert Guðmundsson tónlistarmaður.

„Ég verð hins vegar að játa með glöðu geði að ég er fyrir löngu fallinn fyrir hollum og freistandi skyndibitanum á Metro.“

„Það er gott að grípa í borgara eða heilsusamlegt salat þegar maður er á fullu í tónlistinni. Það fer líka heilmikill tími í að kynna nýju plötuna, en hún heitir Nýtt upphaf. Það má sjá meira á síðunni minni, herbert.is.“



500 kallinn tekur við af Jóni Sig

„Það er nú ekki amalegt að fá heimsborgara til að taka við nafnbótinni,“ segir Jón Sigurðsson tónlistarmaður. Hann tók þátt í fyrstu Idol keppninni árið 2004 og þá fóru margir að kalla hann 500 kallinn, eftir nafna hans á samnefndum rauðum peningaseðli.

Hjá Metro er reglulega boðið upp á 500 krónu tilboð og um þessar mundir er það heimsborgarinn sem fæst á 500 kall. Varla er pláss fyrir tvo 500 kalla í einu, spyrjum við Jón Sigurðsson? „Ætli ég verði ekki að láta undan. Maður verður að játa sig sigraðan í keppni við svona lostæti.“

Af Jóni er það að fréttu að hann starfar sem afreksstjóri íþróttafélagsins Fram. Gítarinn er þó alltaf innan seilingar. „Ég er að spila og syngja hér og þar, verð til dæmis í Vatnsholti rétt við Selfoss fram að jólum. Þetta er alltaf jafn gaman.“



Komdu í girnilegan helgarbröns á Metro

Á laugardögum og sunnudögum frá kl. 11 til 15 býður Metro upp á girnilegan bröns, eða dögurð eins og þessi blanda af morgunverði og hádegisverði kallast. Val er um Bernaise steikarloku eða California club kjúklingaloku, með kartöflubátum, melónubátum, amerískum pönnukökum, sýrópi og ávaxtasafa.

Verðið er 1.490 kr.



Slegist um sjóðheita Metro starfsmannaboli

Starfsfólk Metro vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið nýlega, þegar vinir og viðskiptavinir fóru að spyrja hvort þeir gætu keypt nýju bolina sem þeir voru að vinna í. Þeir fengu góðfúslegt leyfi til að selja nokkra slíka, en þá varð allt vitlaust - straumurinn lá á Metro að biðja um boli. Og þar sem Metro er einu sinni vinur viðskiptavina sinna, þá var ákveðið að framleiða nokkra til viðbótar til að mæta eftirspurninni.



After Eight sjeik

Nýjasta sjeikbragðið í Metro er After Eight, unaðsleg blanda af piparmyntu og súkkulaði.



Skýring komin á “hvarfi” Metro Smáratorgi

Sögusagnir hafa verið á kreiki um Metro á Smáratorgi. Þrjú ungar menn halda því fram að veitingastaðurinn sé geimskip sem hverfi á nóttunni. Þeim fannst mjög furðulegt þegar þeir voru á ferð á Smáratorgi eina nóttina og sáu ekkert til staðarins - eins og hann hefði flogið á brott. Daginn eftir var Metro hins vegar á sínum stað.

Skýringin er fundin. Þessa nótt var óvenju mikil þoka.

Hvað sögðu frönsku kartöflurnar þegar þær mættu tómatsósunni?



Steinn Steinsen
tölvunarfræðingur
“What’s up, ketchup?”



Haraldur Sigurðsson
Leikskólanemi
“Fðanskað kattóllur voða voða góðað”



Bjarni H. Bjarnason
aðstoðarprestur
“Hér er himneskt hjónaband í uppsiglingu.”



Jóhanna Ingvarsdóttir
fitnessdrottning
“Alltaf ertu jafn sæt og rjóð í kinnum.”



Hrönn Guðmundsdóttir
Menntaskólanemi
“Nú verða einhverjir svangir munnar kátir.”

FRÉTTIR AF FÓLKI

SAMAN Á SVIÐ

Hljómsveitin Steed Lord heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi í þrjú ár, eða allt frá því að meðlimir sveitarinnar fluttust til Los Angeles. Tónleikarnir fara fram á Gamla Gauknum og mun hljómsveitin Legend einnig koma fram það kvöld. **Svala Björgvinsdóttir** er söngkona Steed Lord og er bróðir hennar, Krummi Björgvinsson, söngvari Legend. Þetta er í fyrsta sinn



sem hljómsveitir þeirra Björgvinsbarna koma saman fram á tónleikum. Krummi er einnig söngvari harðkjarnasveitarinnar Mínus. Líklegur er að dansvæn tónlist Legend dragi að sér sama mannskap og Steed Lord, en Mínus. Systkinin munu einnig koma fram saman ásamt föður sínum á Jólagestum Björgvins í ár.

FJÖR Á FJARÖFLUN

Fjaröflunarkvöld UN Women fór fram í Þjóðleikhúskjallaranum á laugardag. Mikill fjöldi fólks sótti viðburðinn, þar á meðal frú **Vigdís Finnbogadóttir**, Hrefna Rósa Sætran kokkur, rithöfundurinn Ebba Guðný Guðmundsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þingkona, Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi, Björn Thors leikari og hjónin Friðrik Sophusson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Stíf dagskrá var um kvöldið og stigu Unnsteinn Manúel Stefánsson, Snorri Helgason og Mr. Silla, Dúkkulísurnar og Jón Jónsson á stokk og skemmtu mannskapnum. Jón vakti mikla lukku meðal gesta og ætlaði allt um koll að keyra.



- sm

Mest lesið **vísir**

- 1 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar að fimmtán ára stúlku ...
- 2 Fórnarlamba umferðarslysa minnst
- 3 Segir Hönnu Birnu standa fyrir „einföld skilaboð fremur en djúpar ...
- 4 Endurgreiddi 100 þúsund króna brúðkaupsgjöf til Vilhjálms
- 5 Sigríður Ingibjörg einungis um 70 atkvæðum á eftir Össuri

MAGNÞRUNGIN ÖRLAGASAGA

1904



NÝ KILJA

www.forlagid.is

rekkjan

SÆNGURFATA ÚTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



ATH!
AÐEINS Í NOKKRA DAGA!

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 3.890 KR.

50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM



50-60% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM

VERÐDÆMI!

RÚMTEPPI (240X260 CM)
Fullt verð 29.900 kr.
NÚ 11.960 kr.

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

ALLURE

Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 163.600 kr.

NÚ 89.900 kr.

45% AFSLÁTTUR!

ALLURE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tívhert sérválid stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa



rekkjan

H E I L S U R Ú M